



Reykjavíkurborg
Menntasvið

HVAÐ SEGJA FORELDRAR UM SKÓLASTARF?



NIÐURSTÖÐUR RÝNIHÓPA VOR 2007



JANÚAR 2008



Tölfræði- og rannsóknþjónusta

Hvað segja foreldrar um skólastarf?

Niðurstöður rýnihópa vor 2007

Höfundar skýrslu:

**Ásgeir Björgvinsson
Hildur Björk Svavarsdóttir**

Umsjón með rýnihópum:

**Ásgeir Björgvinsson
Eva Björk Valdimarsdóttir
Hallgerður Inga Gestsdóttir
Hildur Björk Svavarsdóttir**

**Menntasvið Reykjavíkur
Janúar 2008**

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	2
FRAMKVÆMD	3
YNGSTA STIG 1.-4. BEKKUR	4
1. Skólabyrjun	4
2. Þátttaka í skólastarfi	5
3. Upplýsingaflæði	7
4. Umsjónarkennari	8
5. Samskipti við starfsfólk skóla	10
6. Skipulagning náms og kennsluhættir	12
7. Félagsandi í skóla og einelti	14
8. Breytingar milli skólastiga	15
MÍÐSTIG 5.-7. BEKKUR	17
1. Þátttaka í skólastarfi	17
2. Upplýsingaflæði	18
3. Umsjónarkennari	19
4. Samskipti við starfsfólk skóla	20
5. Skipulagning náms og kennsluhættir	22
6. Félagsandi í skóla og einelti	24
7. Sérkennsla	25
8. Nemendur af erlendum uppruna.....	27
9. Breytingar milli skólastiga	27
UNGLINGASTIG: 8-10. BEKKUR	28
1. Þátttaka í skólastarfi	28
2. Upplýsingaflæði	30
3. Umsjónarkennari	30
4. Samskipti við starfsfólk skóla	31
5. Skipulagning náms og kennsluhættir	33
6. Félagsandi í skóla og einelti	36
7. Sérkennsla	37
8. Breytingar milli skólastiga	38
SAMANTEKT	39

INNGANGUR

Á Menntasviði Reykjavíkurborgar hefur viðhorf foreldra barna í grunnskólum borgarinnar verið skoðað með reglulegum hætti á tveggja ára fresti frá árinu 2000, seinast árið 2006. Úrtak foreldra hefur verið tekið úr hverjum skóla og hafa svarendur verið á bilinu 3-4.000 í hverri könnun. Í kjölfar síðustu könnunar kviknaði sú hugmynd að skoða viðhorf foreldra einnig í smærri hópum og á ólíkan hátt en gert hefur verið. Þetta markmið birtist í starfsáætlun Menntasviðs fyrir árið 2007.

Þó engar stórar sveiflur hafi orðið á viðhorfi foreldra til skóla frá árinu 2000 þótti áhugavert að skoða nánar þær hugmyndir sem liggja að baki svörum þeirra. Munur á ánægju foreldra með skólastarf er talsverður á meðal þeirra 39 grunnskóla sem reknir eru af Reykjavíkurborg. Því var það einnig gert að hópa saman í viðtalshópa foreldrar í skólum sem komu best út í könnun foreldra 2006 og svo foreldrar úr skólum sem komu lakar út. Markmið þessa var að reyna að draga fram hugmyndir og orðanotkun um skólastarf og sjá hvort munur væri á þessum hópum. Þannig gætu skólastjórendur fengið einhverjar vísbendingar um hvað það er í foreldrasamstarfi og samskiptum foreldra við skóla sem vekur ánægju eða óánægju.

Annað sem komið hefur í ljós í viðhorfskönnunum foreldra er að foreldrar barna á yngsta stigi virðast ánægðari með skólastarf og skólagöngu barnanna, en foreldrar á efri stigunum. Vegna þessa var það einnig markmið þessa verkefnis að hópa foreldrar saman eftir því á hvaða aldri börn þeirra eru til að festa fingur á því í hverju þessi munur liggur.

Efnt var til funda með foreldrum í samtals 6 rýnihópum vorið 2007. Í þessari skýrslu er niðurstöðum lýst fyrir hvert skólastig í sérstökum köflum og innan þeirra er skipting eftir því hvort hópur foreldra kom frá skólum þar sem viðhorf foreldra hafa verið jákvæðust eða úr öðrum skólum. Umfjöllunin byggir bæði á túlkun höfunda og vísunum í umræðu foreldra.

FRAMKVÆMD

Þegar valið var í rýnihópana var stuðst við niðurstöður viðhorfskönnunarinnar frá 2006. Fyrir hvert skólastig, þ.e. yngsta, mið – og unglingsstig, voru ákveðnar lykilsurningar skoðaðar til að meta niðurstöður hvers skóla svo hægt væri að ákvarða úr hvaða skólum úrtak foreldra yrði tekið. Lykilsurningarnar snérust um: Ánægju með skóla barns, ánægju með stjórnun skóla, líðan barns í skólanum, þ.m.t. einelti, ánægju með umsjónarkennara, skoðun á agamálum skólans, skoðun á námsálagi barns og hvort verkefnið í skólanum væru við hæfi barns.

Eftir að búið var að finna skólana í hvorn hóp fyrir hvert skólastig, var hringt í úrtak foreldra og þeir beðnir um að taka þátt í rýnihópum.

Eins og áður segir voru búnir til tveir rýnihópar fyrir hvert skólastig, annar úr skólum þar sem lykilsurningar í viðhorfskönnun hafa komið vel út og hinn þar sem niðurstöður hafa verið á annan veg, þannig voru rýnihóparnir samtals sex. Þátttakendur í rýnihópunum fengu ekki að vita af skiptingu eftir niðurstöðum viðhorfskönnunar, heldur eingöngu að tveir rýnihópar væru fyrir hvert stig. Var þetta ákveðið til að koma í veg fyrir að viðmælendur færi í ákveðin hlutverk út frá því hvorum hópnum þeir tilheyrðu.

Af þeim 27 foreldrum sem þátt tóku í rýnihópunum voru 22 konur og fimm karlar. Rýnihóparnir fóru fram að kvöldlagi í miðri viku. Tveir starfsmenn tölfræði- og rannsóknþjónustu Menntasviðs voru með hverjum hópi, þar sem annar stjórnaði umræðum og hinn skráði niður það helsta sem fram fór á fundunum. Allar umræður rýnihópanna voru einnig teknar upp á diktafón og síðar skráðar niður svo til orðrétt. Í byrjun hvers rýnihóps var þátttakendum tilkynnt um upptökuna og heitið fullum trúnaði.

Umræðuefnið í rýnihópum tóku oftast mið af lykilsurningum í viðhorfskönnunum. Sérstök áhersla var á þátttöku foreldra í skólastarfi barnanna og á samskipti foreldra og barna við starfsmenn skólanna. Þess fyrir utan var sérstaklega spurt um skólabyrjun barna yngsta stigi og um valáfanga vegna barna á efsta stigi. Aukinheldur var rætt í öllum rýnihópum um þær breytingar sem verða hjá börnunum í skólanum á milli skólastiga¹. Spurningaramminn sem stuðst var við var þó fyrst og fremst leiðbeinandi og þróuðust umræðurnar að nokkru leyti af sjálfu sér. Til að mynda var bæði komið inn á fjölmenningu og tónlistarnám í rýnihópunum en ekki var sérstaklega gert ráð fyrir þeim þáttum í viðtalsramma.

Rýnihópar eru eigindleg rannsóknaraðferð. Hér er ekki um að ræða staðlaða tölfræðilega aðferð, heldur nálgast rannsóknaraðilinn viðfangsefnið með því að reyna að skilja skoðanir og aðstæður fárra einstaklinga. Gögnin eru því lýsandi gögn um fáa einstaklinga. Markmiðið er að skilja aðstæður eins og þátttakendur skilja þær.

Þessi skýrsla um rýnihópa foreldra er fyrst og fremst lýsing á þeim umræðum sem fram fóru. Þó eru ákveðnar túlkanir sem eiga sér stað og eru þær túlkanir alfarið á ábyrgð höfunda. Þær túlkanir eru studdar af tilvísunum í viðmælendur, en tilvísanir eru líka hafðar með í skýrslunni til sjálfstæðrar túlkunar lesenda.

¹ Í viðauka er viðtalsramminn sem notast var við.

YNGSTA STIG 1.-4. BEKKUR

Í rýnihópunum tveimur vegna yngsta stigsins voru samtals tíu einstaklingar. Sex voru í fyrri hópi, en í þeim hópi voru foreldrar barna í skólum sem komu hvað jákvæðast út úr viðhorfskönnun foreldra 2006. Tveir viðmælenda áttu börn í sama skóla og einn viðmælendi átti tvö börn á yngsta stigi í sama skólanum. Í seinni hópnum voru fjórir viðmælendur, en þeir áttu börn í skólum þar sem ánægja foreldra var minni skv. viðhorfskönnun 2006. Fyrri hópurinn hittist þriðjudagskvöldið 15. maí en seinni hópurinn miðvikudagskvöldið 16. maí.

Til aðgreiningar eru niðurstöður úr umræðu í fyrri hópi með **brúnu** lettri og þeirri síðari með **grænu**.

Í rýnihópum á yngsta stigi voru viðmælendur spurðir um eftirtalda þætti: Skólabyrjun barnanna, þátttöku foreldra í skólastarfinu og samheldni þeirra, upplýsingaflæði milli skóla og heimilis, umsjónarkennara barnanna, samskipti foreldra og barna við skólann, nám barnanna með sérstakri áherslu á heimanám, félagsanda í skóla/bekk með sérstakri áherslu á eineltismál og breytingar milli skólastiga í grunnskólanum. Auk þessa kom fjölmening inn í umræðuna.

Í fyrri hópnum, sem eingöngu var skipaður konum, var sérlega jákvæð umræða um skóla barnanna, og var ánægjan áberandi meiri en í seinni hópnum. Fyrirnefndi hópurinn var ánægðasti rýnihópurinn af öllum hópnum sex.

1. Skólabyrjun

Í rýnihópunum vegna yngsta stigsins, var fyrst spurt um skólabyrjun barnanna. Spurt var um hvernig tekið var á móti barninu, hvort haldnir voru kynningarfundir fyrir foreldra vegna skólabyrjunar barns og hvort foreldrar væru í heildina ánægðir með skólabyrjunina. Í báðum hópum var fólk ánægt með hvernig skólarnir stóðu að málum, þótt greina mætti meiri ánægju í fyrri hópnum.

Við vorum samt boðuð á fund um vorið með öðrum foreldrum og öllum börnunum þar sem börnin voru tekin afsíðis með kennara eða einhverjum...bara til að leika og gera verkefni sem þau höfðu gaman að. Á meðan var fundur foreldranna og þá var kynnt starfsemin og var þetta mjög fínt.

Hjá stráknum mín var tekið á móti okkur inni á sal og svo var börnunum fylgt af tilvonandi kennurum niður í stofu og þeim sýnd stofan. Á meðan var rætt við okkur....Það var mjög vel tekið á móti börnunum, mikil ástúð og þetta var bara voðalega notalegt.

...fljótlega var boðað til kynningarfundar með foreldrum...Kennararnir kynntu sig, sem og skólastjórinn og foreldraráði, og sálfræðingur kom og talaði. Þar var farið yfir skólann í heild sinni. Það var mjög fínt kvöld. Hverjum bekk var síðan boðið inn í kennslustofur og bekkjarráð var valið.

Af öðrum þáttum er varða skólabyrjun barnanna má nefna ánægju með einstaklingsviðtöl við kennara sem foreldrar mættu með barnið í. Í dæminu hér að neðan áttu viðtölin sér stað í byrjun hvers skólaárs fyrir alla árganga.

Þar var byrjað á viðtölum hjá kennara þar sem við fáum afhentar stundatöflur og farið yfir hvernig skólinn er...Þetta eru einstaklingsviðtöl...það var gott að mæta í svona viðtal við kennara. Þetta er líka svona í 4. bekk þetta er svona uppúr, alltaf byrjað á viðtali við kennara á haustin. Og það er mjög gott.

Annað foreldri sagði frá heimsókn kennara til barnsins sem var hluti af skólabyrjun þess. Viðkomandi var ánægður með heimsóknina ekki síst vegna þessa að gott hafi verið að hitta umsjónarkennarann á heimavelli.

...og svo hálfum mánuði eftir að hann byrjaði í skólanum þá komu kennararnir í heimsókn og stoppuðu í svona 20. mín. Þetta gera þau á haustin. Koma heim til allra og afhenda krökkunum stundatöfluna. Þó að hann hafi ekki byrjað í haust, heldur byrjað seinna, þá fékk hann þessa kennaraheimsókn og þetta fannst honum æðislegt! Mér fannst líka öðruvísi að tala við kennarana þegar maður var á heimavelli.

Umræður sköpuðust í báðum hópum um mikilvægi þess að öll börn fái, í gegnum leikskólastarfið, að heimsækja þá grunnskóla sem þau eru að hefja nám í, en ekki einungis þau börn sem eru í sama hverfi og grunnskólinn.

Mín börn voru bæði í leikskóla og leikskólinn er þannig staðsettur í hverfinu að hann er við hliðina á skólanum. Leikskólinn var frumkvöðull í því að hefja samstarf við skólann...., þau byrja strax að hausti að fara í heimsóknir í skólann. Þær eru mislangar en þetta endar þannig að þau fara að morgni með nesti og eru í skólanum hálfan skóladag. Þau fara í töluvert margar heimsóknir...Það er gott skipulag á þessu þannig að þau þekkja vel skólann þegar þau byrja. Og þetta er alveg frábært. Starfsfólkið er mjög jákvætt í öllu þessi ferli og gott samstarf er á milli leikskólans og skólans. Ég veit að svona samstarf hefur verið tekið upp á fleiri stöðum...en hængurinn er sá að ef barnið er ekki í hverfisleikskólanum, þá fær það enga boðun í þetta....Þannig má alveg koma því á framfæri að öll 6 ára bekk í hverfinu fái tilkynningu um þetta. Þá hefði fólk val um að keyra börnin sín í þetta eður ei. Þetta var svipað hjá báðum mínum börnum, vel tekið á móti þeim og þau fá mjög jákvæða upplifun af skólanum. Það mikil spennu hjá þeim vegna þessa, og þeim hlakkaði alltaf til að fara í leikskólann þegar þau vissu af skólaheimsókn. Það var mjög jákvætt.

2. Þátttaka í skólastarfi

Spurt var út í þátttöku foreldra í skólastarfi barnanna, og hvort skólarnir hvettu til þátttöku og þá hvernig. Hvað varðar þátttöku foreldra í skólastarfinu höfðu báðir hóparnir svipaða sögu að segja, en í frásögnum fyrri hópsins mátti greina meira frumkvæði þeirra skóla, til að virkja foreldra.

Áberandi var á tali viðmælanda að það væri ákveðinn hópur foreldra sem væri duglegur að taka þátt í skólastarfi barna sinna, meðan aðrir væru miklu minna sýnilegri.

Fer alltaf eftir einstaklingunum, annaðhvort hefur þú áhuga að taka þátt eða ekki. Alltaf sama fólkið sem tekur þátt og sama fólkið sem tekur ekki þátt.

Þetta eru alltaf sömu foreldrarnir. Þetta er svo sorglegt því börnin vilja hafa foreldrana með, á t.d. á uppákomum í bekkjum og eitthvað sem er að fara fram á skólatíma. Nauðsynlega þurfa börnin á því að halda að foreldrarnir taki þátt í þessu.

Viðmælandi í fyrri hópi greindi frá skipulagi í skóla barns síns, sem fólst í að allir foreldrar væru virkjaðir í vissan tíma. Það var mat þessa viðmælanda að þátttaka foreldra væri almennt góð í skólasterfinu.

Það var reynt að koma í veg fyrir þetta hjá okkur þannig að bekknum var skipt upp í fjóra hópa. Síðan á fyrst hópur 1 að sjá um foreldrafélagið og gera eitthvað fyrir börnin í ákveðinn tíma...Ef maður skiptir skólaárinu í fjögur tímabil, þá eru kannski átta foreldrar virkir á hverju tímabili...Þannig að maður veit að maður er virkur á tilteknum tíma. Þannig er ekki hægt að segja "Nei, ég kemst ekki".

Foreldri, sem situr í foreldraráði í skóla barnanna sinna, sagði frá því hvernig virkt foreldraráð getur líka virkjað foreldra utan ráðsins, t.d. með góðu upplýsingaflæði.

Ég er í foreldraráði..., og í vetur höfum við verið mjög dugleg við að setja allar fundargerðir á netið. Það er auglýst á heimasíðu skólans í hvert skipti þegar ný fundargerð er sett inn. Við fundum tvisvar í mánuði, ...Þetta hefur gert að foreldrar hafa miklu meira haft samband við okkur í vetur miðað við í fyrra þegar við auglýstum ekki reglulega. Þannig skiptir það máli að þau sjá hvað við erum að gera og geta nálgast þessar upplýsingar ef þau hafa áhuga. Mér finnst þetta jákvæð leið til að vera í sambandi við foreldra. Af því að við höfum orðið vör við í vetur að fólk er óánægð með eitthvað, sem ég sjálf er endilega ekkert óánægð með. Gott að heyra aðrar skoðanir þegar maður á að vera rödd hinna foreldranna í skólanum.

Sama foreldri var þeirrar skoðunar að skólinn ætti að styðja við bakið á foreldraráðum og þannig hjálpa til við að virkja alla foreldra, t.d. með því að móta stefnu varðandi foreldrastarfið.

Það skiptir máli að skólinn aðeins ýti samvinnu foreldra af stað. Ekki hægt að ætlast til þess að við foreldrarnir föttum upp á öllum góðum hugmyndum því það er skólinn sem hefur reynsluna... Það vantar að skólinn sé sjálfur búinn að móta stefnu varðandi foreldrastarfið.

Þátttaka foreldra í skólasterfi getur tengst því hversu samheldinn foreldrahópurinn er. Ekki var greinanlegur munur á hópunum þegar þeir lýstu þeirri samheldni sem til staðar væri, eða ekki, meðal foreldra í bekkjum barna sinna. Innan beggja hópa var það áberandi skoðun að samheldni foreldrahóps væri mikilvæg vegna hags barnanna.

Mér finnst samheldni foreldra skipta rosalega miklu máli.

Samheldni foreldra skiptir bara öllu máli, ekki síst upp á seinni tíð svoleiðis að maður geti verið í sambandi við aðra foreldra og þekki það fólk með nafni sem á þau börn sem manns eigin börn eru að fara til. Þannig er þetta í rauninni forvarnarstarf.

Einnig getur gott tengslanet foreldra reynst vel þegar óvenjulegar aðstæður koma upp í skólasterfinu, eins og t.d. kennaraverkfall.

Þegar kennaraverkfallið var, þá þekkti ég foreldrana vegna eldri stelpunnar, sem þá var í 2. bekk, svo vel, að við skiptumst bara á. Þetta voru sum sé í mínu tilfelli foreldrarnir stelpnanna þar sem stelpurnar voru t.d. hjá mér kl. 8-14 einhvern daginn, þ.e. þangað til gæslan opnaði. Þetta gekk mjög vel og þétti hópinn og krakkarnir kynntust enn betur fyrir vikið. Tengslanetið er svo gott og jákvætt að við það verður þetta allt svo miklu einfaldara.

Foreldri með tvö börn í tiltölulega nýjum skóla, upplifði að samheldni foreldra var mikil þegar stór hópur fólks var nýfluttur í nýtt hverfi. Samheldnin hafi hinsvegar dalað nokkuð.

..., ég finn mikinn mun á mínum börnum í 1. og 4. bekk. Þegar eldri stelpan mín byrjaði í 1. bekk var skólinn minni og allir nýfluttir í hverfið og höfðu held ég meiri áhuga á að kynnst en tilfellið er núna með yngri stelpuna. Þannig er í miklu betri tengslum við foreldrana vegna eldri stelpunnar en vegna þeirrar yngri sem núna er í 1. bekk.

Sami einstaklingur nefndi líka að stórar bekkjareiningar, eins og er við samkennslu tveggja árganga, bitni á samheldni foreldra. Einingin sé orðin það stór að erfitt sé að mynda sterk tengsl á milli foreldra.

...núna hefur bekkjareiningin stækkað mikið, yngri stelpan mín er í 1-2. bekk, og þetta eru einhverjir 40 krakkar á hennar svæði. Þá er spurningin “hverjum tilheyrir maður?” Þetta er orðið svo stórt.... Núna er eldri dóttir mín í bekk með 3. bekkingum líka og mér finnst skrytið að keyra hana í afmæli þar sem ég veit ekki einu sinni hvernig afmælisbarnið lítur út. Mér finnst það ekki skemmtileg tilfinning...

3. Upplýsingaflæði

Á undanförunum árum hefur krafan um upplýsingaflæði aukist hröðum skrefum í samfélaginu. Þetta á líka við um samskipti milli grunnskóla og foreldra grunnskólabarna og voru viðmælendur í rýnihópum beðnir um að greina frá sinni reynslu af upplýsingastreymi frá starfsfólki skólanna.

Almennt voru flestir viðmælenda á því að upplýsingaflæðið frá skólum barnanna og frá umsjónarkennurum væri gott. Töluverður munur var á hópnum tveimur hvað þennan þátt varðaði. Þannig var greinilega meiri ánægja með upplýsingamiðlunina í fyrri hópnum en í seinni hópnum. Ánægjan í fyrri hópnum var til að mynda varðandi boðun á fundi sem og upplýsingar um það sem framundan er hjá börnunum. Í þessum tilvikum voru upplýsingarnar í formi tölvupósts eða töskupósts.

Mér finnst ekki vanta í skólanum hjá okkur að fundir séu boðaðir og kynntir, t.d. með tölvupósti...Með báðum stelpunum mínum fáum við alltaf tölvupósta í vikulok með upplýsingum um vikuna og það sem framundan er.

... skólinn sem sonur minn er í, er mjög duglegur við að kynna alla fundi og þessháttar. Maður fær...tölvupósta og töskupósta. Þeir kynna þetta mjög vel.

Sumir foreldrar fengu mikið af upplýsingum þar sem sérstaklega var greint frá þeirra börnum.

Ég fæ rosalega mikinn tölvupóst um börnin mín tvö í skólanum. Þetta er vikulegur póstur.

Óánægju gætti meðal nokkurra foreldra vegna ónógs upplýsingaflæðis frá skólunum. Í þessu sambandi kom t.d. Mentor upplýsingakerfið til tals.

Það er líka verið að hvetja foreldra til að fara inn á Mentor, en maður nennir því ekki því það er nákvæmlega ekki neitt þarna.

Mentor er því miður ekki mikið notaður, og við í stjórn foreldrafélagsins höfum rætt það hvað Mentor er lítið notað því þetta er mjög flott tæki. Það hefur borið á því að Mentor er mest notað fyrir neikvæð skilaboð.

Eitt foreldri furðaði sig á skorti á heildarstefnu skólanna hvað varðar heimasíður og upplýsingaflæði.

En það er skrytið að ekki skuli hafi verið sett einhver heildarstefna hvað varðar heimasíður skólanna og upplýsingaflæði. Það virðist vera happa og glappa eftir því í hvaða skóla barnið þitt fer.

Sama foreldri fannst líka að meira mætti koma af upplýsingum frá skóla þegar barnið var að hefja skólagöngu. Þannig varð þessi skortur á upplýsingum, fyrsta upplifunin á skóla barnsins.

En mín fyrsta upplifun af skólanum var hvað upplýsingar komu sem sé seint. Í júní fengum við bréf um það að einn dag ættum við að mæta í skólann og skilja börnin eftir með nesti. Síðan voru engar upplýsingar þangað til annað bréf kom á þriðjudegi um að skólinn byrjaði í sömu viku. Þetta er svo lítið mál annars í dag, bara að nota heimasíðuna en hún er lítið notuð í skólanum.

En upplýsingaflæði er ekki eingöngu á ábyrgð skólans að mati eins viðmælenda. Þannig eiga foreldrar líka sjálfir að bera sig eftir björginni.

...þeir foreldrar sem leggja sig minna eftir að vera í samskiptum við kennarann eru oft óánægðari af því að þeir ætlast til þess að kennarinn hafi frumkvæði að samskiptum...við erum svo vön að láta mata okkur og ætlumst til þess að fá upplýsingarnar. En við erum svo misjöfn, margir foreldrar leita að upplýsingunum ef þeim finnst vanta upplýsingar. Og þá er maður kannski ekkert óánægður...

4. Umsjónarkennari

Skoðanir á umsjónarkennarum barnanna voru fyrirferðamiklar. Ástæðan er hugsanlega sú að oft á tíðum eru samskipti við umsjónarkennara nánast einu samskiptin sem foreldrar hafa beint við einhvern aðila skólans. Aukinheldur getur líðan barna í skóla að miklu leyti tengst því hvernig samband nemandans er við umsjónarkennarann.

Almenn ánægja var með umsjónarkennara barnanna í báðum rýnihópunum og var ánægjan sérlega djúpstæð í fyrri hópnum, en þar fengu umsjónarkennarar mikið hrós. Þessi mikla ánægja virtist fyrst og fremst eiga rætur sínar í jákvæðu og hlýlegu viðmóti umsjónarkennaranna gagnvart börnunum.

Hún er bara svo yndisleg...hún er bara frábær! Hún er svo elskuleg og alltaf í góðu skapi...alltaf brosandí.

Við erum búin að vera voða heppin...því börnin eru búin að vera með sömu kennarana síðan þau byrjuðu í skólanum...4 ár, ég held að það sé einsdæmi. Þær eru báðar tvær svo stórkostlegar að það held ég ekki hægt að toppa þær. Þær þekkja krakkana gjörsamlega inn og út og eru í miklum samskiptum við foreldra.

En mér fannst frábært þegar eldri dóttir mín var í 1. bekk þá var hún með yndislegan umsjónarkennara, og þær eru báðar með góða kennara núna, en hún var alveg einstök sem kenndi henni þá.

En hann er rosalega ánægður með allt starfsfólkið þarna. Og ég vona að þessir kennarar verði þarna áfram.

Ánægja með umsjónarkennara getur líka stafað af góðu og jákvætt uppbyggjandi upplýsingaflæði frá kennurunum.

Þá fékk ég jafnvel tölvupóst ef stelpa hafði greint úr einhverjum ágreiningi milli annarra. Þetta var bara svona til að láta mann vita, t.d. “þetta kom upp á en núna eru allir gladdir”. Mér fannst alltaf gott að vita af þessu.

Við fáum alltaf á mánudögum vikuáætlun... hvað hann á að læra á hverjum einasta degi, og ef eitthvað markvert er framundan í vikunni. Þannig er maður alltaf með á nótunum.

Þetta er svona á föstudögum í skólanum, að þá fá þau svona blöð með heim um allt sem þau eru búin að læra, hvað þau gerðu á mánudegi o.s.frv. Svo kemur oft klausa á eftir, t.d. “þetta er búið að vera rosa gaman og allir voru rosa góðir á þessu degi” og “þeim gekk vel þarna” og þess háttar. Það er mjög gaman að lesa þetta.

Einn viðmælenda var sérstaklega hrifinn af margskonar uppátækjum umsjónarkennarans sem áttu að stuðla að jákvæðri ímynd barnsins af sjálfu sér. Hér kemur einnig fram aðdáun á þreki kennarans að gefa sér tíma í uppátækin.

Það er fullorðin kona sem kennir syni mínum og hún er þarna af lífi og sál. Hún sendir með hverju einasta barni handskrifaðan miða á föstudögum þar sem fram kemur hvað þau gerðu jákvætt yfir vikuna. T.d. stendur “þú stóðst þig vel á íþróttadeginum” eða “þú skrifaðir fallega í skrifarbókina”. Maður fær alltaf eitthvað svona jákvætt. ...strákurinn minn safnar þessum gullmolum í litla plasttösku sem hangir utan á skólatöskunni hjá honum. Þetta er mjög fallegt. Þetta gerir hún á hverjum einasta föstudegi, ég skil ekki hvernig hún fer að þessu....

Á þessa vikuáætlun ljósritar hún úr verkefnunum barnanna og börnin eru alltaf spennt að sjá hverju sinni hvort þeirra myndir séu á vikuáætluninni. Þetta er ótrúlegt!

Ekki var allt jákvætt sem fram kom vegna umsjónarkennara. Eitt foreldri var ósátt við að umsjónarkennari barns hans var í aðeins 50% stöðu, og vissi, að mati viðmælenda, alltof lítið um gang mála í bekknum.

... var með umsjónarkennara sem var bara í einhverju 50% starfi. Hún vissi aldrei neitt, ég spurði hana “hvernig stendur á þessu” eða “af hverju er þetta svona”, og hún sagði “ég veit það ekki, ég þarf að kanna það”. Ég sagði “þetta kom fyrir barnið mitt í dag, af hverju gerðuð þið ekki eitthvað og af hverju töluðuð þið ekki við mig”. Þá var svarið “ég veit ekkert um þetta, ég þarf að kanna þetta”...mér finnst að umsjónarkennarinn eigi að vita allt um barnið. Maður á að geta leitað til þessarar manneskju til að fá upplýsingar um barnið, hvort sem barnið er í íþróttum eða hvar sem það er.... Ég á ekki að þurfa að hringja 10 símtöl til að komast að því hvað er að gerast.

Eitt foreldri ítrekaði mikilvægi góðs umsjónarkennara með eftirfarandi orðum:

Ég á einn 17 ára og hann var með sama kennarann í fjögur ár. Hún hét Margrét og hann sagði oft “Margrét” við mig og “mamma” við hana. Hún hélt honum gangandi í skólanum. Það hefur rosalega mikið að segja að það séu að krakkarnir séu með sömu kennarana...ef kennararnir eru góðir!

5. Samskipti við starfsfólk skóla

Spurt var um almenn samskipti foreldra við skóla barnanna. Yfirleitt höfðu viðmælendur minna um þau samskipti að segja en samskiptin við umsjónarkennara. Meiri ánægja var greinanleg í fyrri hópnum. Hér munaði þó mestu um einn viðmælenda úr seinni hópi sem sagði ekki farir sínar sléttar vegna samskipta við skóla barns síns.

Eitt skýrasta dæmið um jákvæða reynslu viðmælenda af samskiptum við skólana var að þeim fyndist þeir vera velkomnir í skólana. Að þeir upplifðu að hlustað væri á þá, að sjálfsagt væri að þeir kæmu inn í bekki barnanna og fylgdust með, eða að þeir mættu taka beinan þátt í kennslustund hjá börnunum.

Það sem mér finnst gott við skólann að það er mjög elskulegt fólk að vinna þarna... Þau eru mjög opin fyrir því ef eitthvað er að...þegar maður kemur með athugasemdir þá er það lagað.

Það er líka þannig í skólanum að maður má koma hvenær sem er. Maður er minntur á það að maður má koma þarna og vera í tímum, vera í hálfan dag, heilan dag...hvað sem er.

Uppi í skóla hjá okkur er okkur boðið í heimsókn einhverja ákveðna viku eða ákveðin dag í heimsókn. Og ef það hentar ekki getur maður fengið nýjan tíma. Það hefur held ég gengið ágætlega og er mjög gaman. Þá er maður eina kennslustund og fær að taka þátt í að hjálpa. Þetta er opinn skóli og vinnubrögð mjög sjálfstæð, þannig að auðvelt er að koma inn í og aðstoða.

Eitt foreldri upplifði sig óvelkomið í skólann.

Mér leið ekki vel þarna inni en varð þó að vera þarna. Ég var ekki velkominn. Ég hef verið tekinn á teppið í skólanum af skólastjóra fyrir það að skipta mér af náminu. Mér var hreint og beint sagt að vera ekki að skipta mér af því sem mér kæmi ekki við.

Auk spurninga um sín eigin samskipti við skólana, voru foreldrar líka beðnir um að lýsa sinni upplifun af samskiptum barna sinna við starfsmenn skólanna. Líkt og með samskipti foreldranna sjálfra voru flestir á því að samskipti barnanna við starfsmennina gengju að langmestu leyti vel. Fyrri hópurinn hafði fleiri jákvæðar sögur að segja en seinni hópurinn.

Lýsingar af jákvæðu viðhorfi starfsmanna í garð barnanna gengu t.d. út að vel sé tekið á mótí börnunum og þeim sýndur áhugi.

Það hefur verið tekið rosalega vel á mótí okkur...hann er rosalega ánægður með allt starfsfólkið þarna.

Honum var sýndur ofboðslega mikill áhugi, veit ekki hvort það hefur eitthvað að gera með að hann kemur úr öðru hverfi en hann varð strax ofboðslega mikill vinur kennarans og allra. Maður vissi allt og mikið lagt upp úr að maður kynnist öllu starfsfólkinu...hann vissi allt um skólann bara á fyrstu vikunni. Þannig að maður hafði engar áhyggjur..., þessi skóli hefur komið mér alveg ótrúlega á óvart. Ég hélt bara að ég væri að senda barnið mitt í 6 ára bekk svona eins og þegar ég var í 6 ára bekk. Að maður bara settist niður og myndi læra og fara svo heim. En þarna er endalaust eitthvað um að vera. Mér finnst barnið mitt hafa breyst svakalega mikið á þessu eina ári þannig. Hann var óþekktarormurinn í leikskólanum, þeir voru þá nokkrir gaurar saman með brjáláðan hávaða og læti. Ég var á því að ég yrði að fara með hann í greiningu því ég hélt að hann væri ofvirkur eða slíkt. En ég fór með hann í skólann, það er eins og hann hafi verið skrúfaður niður! Gengur ótrúlega vel. Og ég held að það sé starfsfólkinu að þakka...því ekki gerði ég neitt!

Mjög jákvæð lýsing kom fram um hvernig starfsmönnum á frístundaheimili einu hefur tekist að skapa mjög rólega umgjörð í kringum börnin. Samveran þar virðist einkennast af virðingu á báða bóga.

Það eru eldri konur í skólaselinu hjá okkur og ég skil ekki hvernig þær fara að þessu því einn hópurinn er að þrjóna og annar að perla...þau eru bara að dunda sér og þú heyrir ekki neitt! Þó kvartar strákurinn minn ekki yfir því að þær séu með strangan aga eða þessháttar. En þarna er svo þægilegt andrúmsloft að börnin líkjast fullorðnu fólki að dunda sér... En ég veit ekki hvernig þær fara að þessu!... ég held allavegna að börnin hafi ofboðslega mikla virðingu fyrir þeim. Hann talar allavegna um þær af virðingu...Einu sinni fyrir jól þá sváfum við yfir okkur. Fimm mín. eftir að það var hringt inn, var hringt í okkur og spurt "Hvar er barnið?". Það er greinilega fylgst með börnunum og í skólaselinu vilja konurnar að maður nái í börnin, en ekki að maður hringi inn og biðji fólk um að senda barnið heim eða sent það út á skólalóð. Þau vilja að foreldrar komi inn og nái í börnin. Þau eru í gæslu af ástæðu. Maður er mjög öruggur með barnið sitt þarna.

Nokkuð var um að viðmælendur, sem annars töldu ástandið almennt gott, segðu frá ákveðnum aðilum eða tilvikum, þar sem börnin kvörtuðu undan virðingarleysi í þeirra garð.

Mér finnst heima hjá mér töluvert kvartað yfir dónaskap hjá almennu starfsfólki í garð stelpnanna minna. Þá er talað leiðinlega til þeirra og verið að hreyta einhverju í þau, t.d. "drífið ykkur nú út". En almennt eru þær ánægðar með kennarana sína.

Þetta hefur iðulega verið mjög gott, en það hafa komið tímabil þar sem kvartað hefur verið yfir einum ákveðnum aðila sem var í gangavörslu eða einhverju slíku. Þetta er örugglega mjög mismunandi, það er mjög brýnt fyrir skólann að leggja línurnar hvernig þetta á að vera en það er náttúrulega misjafn sauður í mörgu fé.

En maður sér þó svolítið þegar maður sækir hann, að einstaklingur sem er úti í gæslu með börnunum er úti í bíl að tala í símann. Þetta er neikvæð upplifun og ekki mjög trausvekjandi. Sonur minn hefur svo kvartað yfir því að þegar hann þarf að fara á klósettið í frímínútum þá þarf hann að leita einhvern uppi til að komast á klósettið, því það er læst í frímínútum.

6. Skipulagning náms og kennsluhættir

Nám barnanna var til umræðu í rýnihópunum. Hvort sem rætt var um skipulag á námi barnanna, eða kennsluhætti, þá var fyrri hópurinn aftur sáttari við skóla sinna barna en seinni hópurinn. Þetta þýðir þó ekki að seinni hópurinn hafi verið óánægður með námið í skólum barna sinna, einungis að hann var ekki eins ánægður og fyrri hópurinn.

Í tali foreldra eru lýsingar á því hvernig nám barna þeirra er skipulagt og um námsmat.

Það kom mér á óvart að í hverjum einasta mánuði eru send einkunnaspjöld...Bláðið kemur heim einu sinni í mánuði og er notað allan veturinn. Þetta eru 15 liðir þar sem barnið á sjálft að gefa sér einkunn. Liðirnir heita t.d. "Ég var stundvís" eða "ég lærði alltaf heima". Hann velur sér svo hvað hann ætlar að gefa sér, A eða G eða S. Síðan fer hann með þetta í skólann og á hina hlið einkunnaspjaldsins er hún þá búin að gefa sína einkunn. Þannig geturðu borið þetta saman með barninu...Mér finnst þetta mjög sniðugt!

..., það er áætlunarblað í hverri viku þar sem nemandinn áætlar fyrir vikuna og kennarinn þarf að samþykka það. Og það er líka umsögn kennara um nemandann fyrir vikuna á undan. Eldri stelpan mín kemur þannig vikulega heim með umsókn frá kennara um hvernig hún stóð sig. Og þar þarf hún líka að meta sjálfa sig.

Krakkarnir teikna líka hvernig þeim líður í skólanum og koma með þær myndir heim. Og er hægt að ræða þær myndir. Þau teikna þessar myndir oft en einu sinni í viku en þó ekki daglega.

Foreldrar sögðu frá óhefðbundnum kennsluháttum, eins og t.d. útikennslu og að börn lærðu liggjandi á gólfinu og þeir voru sáttir við árangurinn af aðferðunum. Einnig var ánægja var með uppákomur og kynningar í skólunum sem börnin stóðu að.

Ég er ánægð með þær fjölbreyttu kennsluáferðir sem notaðar eru. Útikennsla er mikið notuð og allavegna hálfsmánaðarlega sjá krakkarnir algjörlega sjálf um sal, þar sem útbúa leikrit, tónlist og allskonar uppákomur. Þetta æfir þau mikið í að koma fram og tjá sig. Þetta finnst mér vera mjög jákvætt.

Þau sitja ekki bara við borðið sitt og læra heldur sitja þau í hópum...stundum liggja þau á gólfinu og eru að læra! Þetta er mjög frjálst og alveg svínvirkar!

Í vetur í landafræðinni voru þau öll með power-point kynningar. Þau voru að kynna fyrir foreldrum verkefni sín. Þetta var mjög flott.

..., þetta er allt kennt í þemanámi...þetta er gert á mjög jákvæðan hátt og þekkingin verður svo mikil. Mér fannst það mjög skemmtilegt að við foreldrarnir vorum boðuð á fund í seinustu viku, ...kl. 11 í eina 40. mín lotu og þar var verið að kynna Inúíta-þema sem þau eru búin að vera í síðustu vikurnar. Sumir voru með power-point kynningar og sumir voru að lesa sögur. Mætingin var rosalega góð. Einnig voru gerðar verkefnaöppur með allskonar upplýsingum um Inúíta sem fólk gat fengið að skoða.

Eitt foreldri tók sérstaklega fram ágæti þess hversu fáir einstaklingar væru í bekk barnsins.

Og svo gerir smæð bekkjanna það að verkum að gott er að halda utan um krakkana. Að hafa 1 og hálfu manneskju á 10 börn er frábært, bara lúxus...Þannig að þetta er eiginlega fullkomið. Þetta er eins og í litlum sveitaskóla.

Rætt var um einstaklingsmiðað nám, sem í dag er í stefnu grunnskólanna í Reykjavík. Stefnan virtist leggjast misvel í foreldra, a.m.k. eins og hún væri framkvæmd í umræddum skólum. Eitt foreldri kvartaði þannig yfir því að þrátt fyrir að börnin væru í einstaklingsmiðuðu námi, að þá væru prófin sem börnin tækju, ekkert endilega einstaklingsmiðuð.

Ég mæli ekki með samkennslu og einstaklingsmiðuðu námi...maður finnur fyrir því þegar maður á barn sem ekki er með sérstaklega miklu námsgetu, að þau eru í einstaklingsmiðuðu námi en fá svo ekkert endilega einstaklingsmiðað próf. Fá sem sé sama próf og hinir þrátt fyrir að vera ekki á sama stað í námsefninu. Hún fór í próf og stóð svo á gati og sagði “ég er ekki með þessa bók, ég hef aldrei lært þetta”.

Aðrir viðmælendur tóku það sérstaklega fram sem jákvæðan þátt í skólastarfinu að stefnan væri einstaklingsmiðað nám. Þetta gerðu þeir þrátt fyrir þá staðreynd að þeir segðust eiga erfitt með að skilja þessar nýju kennsluáðferðir.

Þetta jákvæða er að þetta er einstaklingsmiðaður skóli...

Ég er mjög ánægð með skólann, þetta einstaklingsmiðaða nám og fjölbreyttu kennsluáðferðir. Finnst þetta rosalega gott. Á sama hátt getur þetta sama stundum verið skrítið fyrir einhvern sem er vanur öðru. Er þeim einhvern tíma kennt eitthvað í þessu fyrirkomulagi? Stundum finnst manni vanta töflukennslu eins og maður sjálfur man eftir. En ég veit ekki hvort þetta er galli! Ég veit ekki hvað hún væri að læra í öðru kerfi en henni gengur mjög vel í þessu...Það gengur allt vel. Ég get ekki kvartað en stundum spyr maður “bíddu, ertu ekki búin að læra að taka til láns?” Þá kemur kannski “nei” en það er allt í lagi, þá bara geri kenni ég henni það. En það er ekki þessi töflukennsla þar sem er “nú erum við öll að fara að læra þetta”. En ég er ekki viss um að þetta sé neinn galli. Ég treysti á fagfólkið í þessu.

Eitt foreldri tiltók sérstaklega hversu vel væri haldið á málum varðandi hreyfingu í skóla barnsins.

Mér finnst jákvætt að í skólanum er bæði boðið upp á danskennslu, íþróttatíma og sund í sömu vikunni. Ég er fylgjandi því að nýta meiri hreyfinguna inn í skólana.

Aðstöðuleysi sérkennara kom til tals.

...þá er hann í sérkennslu og mér finnst vanta fræðasetur þar sem sérkennararnir geta leitað sér upplýsinga um efni og um stuðning. Núna er þessi miðja horfin,..., eftir að þetta var fært inn í skólana. Það vantar eiginlega sérkennslumiðstöð. Sá yngri er í talkennslu og það er afskaplega erfitt að fá talkennara... Sérkennslukennararnir geta lítið leitað að hjálp og þeir hafa verið frústreraðir yfir þessu.

Töluvert var rætt um heimanám barnanna. Í báðum hópum voru foreldrar tiltölulega ánægðir með gang mála en aftur var fyrri hópurinn sýnu ánægðari.

Mér finnst mjög lítið heimanám...hann les á hverjum degi og skilar sögu einu sinni í viku. En síðastliðið haust þegar hann var í (hinum skólanum) þá vorum við öll kvöld og allar helgar

að læra. Það var rosalegur heimalærdómur. Hann hætti þar 1. nóvember... Kennararnir í skólanum þar sem hann er núna segja þau læri þegar þau eru í skólanum, enda eru þau þar til kl. 4-5 á daginn. Hann er stundum búinn að lesa fyrir konurnar í gæslunni þegar hann kemur heim. Hann er miklu jákvæðari því þetta er gert miklu skemmtilegra.

Ég er mjög sátt, hjá okkur þá les hún á hverjum degi. Hún fær heimanámið á fimmtudögum og þarf að skila á þriðjudegi. Það er ýmist sögubók eða 1-2 bls. í stærðfræði. Mér finnst þetta passlegt og gott að þetta víxlást svona þannig að það er ekki verið að skrifa sögu í hverri viku heldur aðra hvora viku...Hjá stelpunni í 4. bekk, þar er það lesturinn og heimanám einu sinni í viku. Heimanámið er ein saga eða eitt stærðfræðiblað. Það er lítil pressa, þetta er ekkert vandamál, það er hægt að segja “nú sestu bara niður og gerir þetta og þá er þetta búíð”.

Foreldri kvartaði yfir því að erfitt væri að hvetja barnið til heimanáms þegar heimanámið væri skipulagt marga daga fram í tímann, í stað þess að börnunum væri bara sett fyrir vegna næsta skóladags.

Þau fá lærdóminn á föstudegi og eiga að skila á miðvikudegi. Maður reynir að dreifa náminu á hann jafnt og þétt út frá þessu. Persónulega fannst mér betra þegar hann fékk bara lærdóm fyrir einn dag í einu. Þá gat hann bara klárað það og þá var hann búinn. Þegar heimalærdómurinn kemur á föstudögum, þá finnst honum það svo mikið því það er fyrir alla vikuna.

7. Félagsandi í skóla og einelti

Margt gott virðist vera að gerast á yngsta stiginu í skólunum hvað varðar félagslega þáttinn. Á sumum mátti þó líka heyra áhyggjur og vonbrigði, sérstaklega á aðilum í seinni hópnum.

Eitt foreldri sagði frá því hvernig eldri krakkar hjálpuðu þeim yngri að lesa. Þannig væru allir virkjaðir og gæti þetta hjálpað við að auka samkennd barna á ólíkum aldri, sem aftur gæti komið í veg fyrir að upp kæmi einelti.

Það koma krakkar úr eldri hópnum og láta litlu krakkana lesa. Þegar svo litlu krakkarnir eru orðin þreytt á að lesa fyrir stóru krakkana þá lesa stóru krakkarnir fyrir litlu krakkana. Þannig er verið að hjálfa alla. Þetta er mjög sniðugt. Þetta líka hjálpar til úti á leikvellingum með eineltismál.

Einn viðmælandi sagði frá viðbrögðum skólans þegar í stefndi að barn hans yrði lagt í einelti af öðru barni sem sjálft átti við vandamál að stríða.

Fyrsta vikan hjá honum byrjaði illa, hann lenti illa í dreng sem fór með illa með hann og hann fór að gera sér upp magaverki og vildi ekki fara í skólann. Gerandinn var strákur í sama bekk og hann...Ég komst svo að því að þessi drengur þyrfti hjálp... það var tekið á því alveg strax. Mál hins drengsins voru könnuð og hann fékk á sig stuðningsfulltrúa allan daginn.

Nokkrir voru gagnrýnir á félagslega þáttinn í skólum barna sinna og fannst eineltisviðbrögðum skólanna vera ábótavant.

Það vantar að fá inn samvinnu innan bekkjarins. Þau komast upp með það að skilja einn og einn úti í horni og það er ekkert gert.

Í skólanum hjá okkur er þessi Olveus-áætlun (eineltis-prógram) í gangi. En núna hef ég lent í því að mínar tvær hafa verið lagðar í einelti..., en það er aldrei neitt gert.

...þetta er lítill skóli og hefur alla burði til að vera afburðaskóli...þetta er ekki það stórt hverfi. En ég veit til þess varðandi eineltismál að fólk hefur tekið börnin sín úr skólanum. Ég veit um tvö dæmi. Því miður virðist skólinn ekki verið að höndla þessi mál vel.

Kvartað var undan of mikilli gjá milli yngsta stigsins og miðstigsins, vegna þess að aðferðir sem nota mætti til að tengja saman ólík skólastig, væru ekki nýttar.

Hinsvegar finnst mér of mikil gjá milli 12 ára krakkana og litlu krakkana, þrátt fyrir smæð skólans. Það mætti ná betur saman bekkjunum. Ég hef heyrt af Mentor-verkefni þar sem 12 ára krakkarnir taka á móti 1. bekkjum. Mér finnst það rosalega flott hugmynd.

Foreldri sagði frá áhyggjum sínum vegna frístundaheimilanna. Viðmælanda fannst vanta að sami metnaður væri lagður í frístundastarfið, eins og í sjálft skólastarfið. Þannig væri meiri hætta á að stríðni og einelti þrífist á frístundaheimilunum.

En maður heyrir sögur um að þegar að skóla lýkur og frístundaheimilin taka við, þá breytist hlutirnir mikið. Þá taka við börnunum unglingar sem og eldra fólk með enga menntun, og þá gerist ýmislegt. Þá verður eftirfylgnin verri og ekkert gert í málunum. Það er bara sagt "hættið þið þessum fíflalátum". Mér finnst vanta metnað í að gera frístundaheimilin að hluta af skóladeginum, í stað þess að um sé að ræða bara gæslu til að brúa daginn.

8. Breytingar milli skólastiga

Viðhorfskönnun foreldra frá árinu 2006 sýndi að ánægja foreldra með skóla barna þeirra minnkaði eftir því sem börnin urðu eldri. Þannig var ánægjan yfirleitt mest þegar börnin voru á yngsta stiginu, en minnst þegar þau voru komin á unglingastig. Í rýnihópunum voru foreldrar beðnir um að svara því hverja þeir teldu ástæðuna fyrir þessari þróun og voru svör beggja hópa svipuð.

Skýringar viðmælanda voru á þá leið að á yngsta stiginu væri meira samstarf á milli foreldra og starfsfólks skólanna, miðað við seinni stigin tvö. Þetta gerði það að verkum að á yngsta stiginu vissu foreldrar meira hvað væri að gerast í skólanum hjá börnunum sínum, en á hinum stigunum. Þessi aukna vitneskja skili sér síðan í auknu öryggi foreldra með skólagöngu barnanna og meiri ánægju.

1. bekkur er svolítið í bómull, það er greinilegt. En svo breytist þetta með hverju árinu.

Almennt held ég að meira samstarf foreldra og skóla leiði af sér meiri ánægju foreldra. Þá er maður í betri tengslum við skólann og getur haft meiri áhrif og tekið meiri þátt.

Svo finnur maður líka mun bara á milli 1. bekkjar og 4. bekkjar. Maður sækir meira börnin þarna fyrst og þá sér maður kennarann og er með tengslin, strax í 4. bekk þá fer hún bara

sjálf fram og til baka og bilið milli skólans og foreldra breiðkar. Þegar bilið breiðkar þá verður maður líklega óánægðari ef vandamál koma upp miðað við ef tengslin væru sterkari.

Ástæðan fyrir minnkandi samskiptum foreldra og skóla eftir því sem börnin eldast, var sögð minnkandi frumkvæði bæði foreldrafélaganna og skólanna.

Foreldrafélögin detta niður þegar þau eru komin á eldra stigið, og þegar þau klára samræmdu prófin þá allt í einu eru allir upprifnir og þá á að gera eitthvað, en þá eru ekkert allir tilbúnir.

Og mér finnst samskipti af hálfu skólans minnka svolítið þegar þau eldast.

Foreldrar höfðu líka sínar skoðanir á því umhverfi sem grunnskólarnir í dag búa við og hvernig það umhverfi auki álag á skólastarfið, sérstaklega á eldri stigunum.

Ég held að það séu að koma margskonar önnur vandamál inn í skólana en hafa verið. Þetta er bara orðinn svo harður heimur. Og þá þurfa að vera til áætlanir vegna allskonar viðbragða.

Áreitið í samfélaginu, og þá á börnin, fer stigvaxandi. Þetta gerist í gegnum alla mögulega miðla. Og undir þessum kringumstæðum getur ekki ánægja vaxið.

MIÐSTIG 5.-7. BEKKUR

Í rýnihópum vegna miðstigsins voru samtals átta foreldrar, fjórir í hvorum hópi. Allir viðmælendur voru konur. Eins og hjá yngsta stigi var fyrri hópurinn foreldrar barna í skólum sem komu vel út í viðhorfskönnun foreldra 2006, meðan seinni hópurinn var skipaður foreldrum barna í öðrum skólum. Fulltrúar frá átta mismunandi skólum voru í rýnihópum vegna miðstigsins. Fyrri hópurinn hittist þriðjudagskvöldið 22. maí og sá seinni miðvikudagskvöldið 23. maí.

Í heildina voru foreldrar á miðstiginu ánægðir með skóla barna sinna, en þó ekki eins ánægðir og foreldrar barna á yngsta stiginu.

Minni munur var á skoðunum hópanna tveggja á miðstiginu heldur en á yngsta stiginu. Á miðstiginu var það þó aftur fyrri hópurinn sem var sáttari með skóla barna sinna, heldur en seinni hópurinn.

Sem fyrr eru notaðir litir til aðgreiningar á niðurstöðum úr umræðu, í fyrri hópi er notað **brúnt** letur og þeim síðari **grænt**.

1. Þátttaka í skólastarfi

Hóparnir voru spurðir um þátttöku í skólastarfinu og hvaða hlutverk skólarnir hefðu í því að virkja foreldra. Báðir hópar höfðu frá jákvæðum hlutum að segja sem og neikvæðum þegar kom að þátttöku foreldra. Hvað varðar frumkvæði skólanna til að virkja foreldra til þátttöku, þá virtust þeir skólar sem fyrri hópurinn tengdist, hafa meira frumkvæði að því að virkja foreldra.

Í okkar skóla hefur verið mjög öflugt foreldrafélag, allt frá stofnun skólans, en skólinn er reyndar mjög ungur.

Mér finnst ég geta verið með í mörgu svona ef ég vil það...ég held að það gangi ágætlega með foreldrana...Foreldrum var boðið í skólann í haust þar sem sérstaklega var talað um þátt foreldra í skólastarfinu. Ég held að skólinn hafi staðið fyrir þeim fundi. Út frá því voru foreldrar valdir í allskyns hlutverk og ég t.d. fór í þetta bekkjarráð upp frá því. Og þarna var ágætis mæting.

Foreldrasamstarfið í skólanum á miðstigi hefur ekki verið mjög mikið.

Fram kom að þátttaka foreldra í skólastarfi einkenndist oft af því að það væri sama fólkið aftur og aftur sem væri virkt, sérstaklega í stjórnnum foreldrafélaga. Þá gæti líka í sumum tilvikum verið erfitt að fá viðbrögð frá foreldrum.

Það er alltaf barátta með foreldrasamstarf. Þetta er nú mitt áhugamál því ég er nú í stjórn foreldrafélagsins. Eilíf barátta að koma fólki að hlutum. Það er í rauninni alltaf sama fólkið ár eftir ár sem kemur og gerir hlutina.

Það er ágætlega virkt foreldrafélag í skólanum en þar lendir nú mest á sjálfri stjórninni...Hún reynir að virkja aðra foreldra en það er mjög erfitt að virkja fólk.

... annars hefur verið mjög erfitt að ná til foreldra og einu sinni gekk það svo langt að einhver skrifaði í blað, nokkuð sem birtist með feitri yfirskrift, að það væru 580 munarlaus börn í skólanum. Ástæðan var að við sendum könnun inn á heimili hvers foreldris í skólanum, og það voru innan við 20 svör sem bárust!

Ég var með stelpu á miðstiginu í einum skóla, þar var ég eina foreldrið sem mætti á kynningarfund og þá var ég náttúrulega valin í foreldraráðið. Fólk bara mætir ekki ef það veit að það á að velja í foreldraráð.

Hjá okkur er það þannig að ef þú mætir ekki, þá ertu valin(n)!...

Til að fá foreldra til að koma á kynningarfund tók einn skólinn upp á því að láta nemendur vera með margskonar skemmtiatriði í bland við fundina. Þetta jók aðsókn foreldra og reyndist mjög vel.

Þar hefur það verið gert að bjóða upp á skemmtiatriði á vegum barnanna, þegar foreldrafundir eru. T.d. eru söngleikir eða leikrit og þetta drífur að foreldrana. Þeir fá í leiðinni að horfa á börnin sín. Það eru skemmtiatriði á milli atriða! ...þetta var bara æðislegt. Eiginlega hlakkar mann bara til þessara kynningarfunda.

Sem hluti af erfiðleikum með að mynda tengsl milli foreldra var bekkjarstærð nefnd:

Í samkenndu eru þetta því um 70 nemendur. Það er þannig hægara sagt en gert að ætla að kynnast öðrum foreldrum hjá öllum þessum fjölda, t.d. á sameiginlegum bekkjarkvöldum. Það er líka erfitt að skipta hópnum í vinagrúppur. Þú nærð aldrei, þrátt fyrir góðan vilja, að mynda náin tengsl við foreldra með þessu hætti. Ég sé mikinn mun á þessu skipulagi og bekkjareiningunni sem að dóttir mín er í. Þar þekkjast allir foreldrar og öll samskipti þar eru svo mikið þægilegri. Við nutum góðs af því með stelpuna að hún slapp við samkenndu. Hjá henni er allt önnur stemning þegar haldin eru bekkjarkvöld en hjá syni mínum.

2. Upplýsingaflæði

Í báðum hópum var almenn ánægja með upplýsingaflæði frá umsjónarkennurunum sem og skólunum í heild sinni. Samanborið við viðmælendur vegna barna á yngsta stiginu, þá voru viðmælendur á miðstiginu í heildina ánægðari með upplýsingaflæðið en fyrrnefndi hópurinn.

Frá skólanum fæ ég alltaf tölvupóst, stanslaust um allt sem er að gerast. Ég vinn fyrir framan tölvu allan daginn, og sé þessi pósta og finnst það mjög fínt. Samskipti við skólann eru góð og þetta finnst mér skipta miklu máli.

Ég fæ tölvupóst og dagskrá vikunnar. Ég er mjög ánægð með það ..., bæði er hægt að ná í hana í gegnum tölvupóst og í gegnum síma.

Boðleiðirnar eru yfirleitt ágætar, tölvupóstur og ég hef símanúmer sem ég get alltaf hringt í.

Foreldrar höfðu sumir orð á því hversu Mentor kæmi vel út og að það hafi orðið miklar breytingar varðandi upplýsingaflæðið eftir að kerfið var tekið í notkun.

Mentor hefur verið að koma vel út varðandi þetta... Í gegnum Mentor gat maður vitað hvernig dagurinn hefði verið og svo spurði maður barnið út og fékk þannig að heyra hans hlið líka. Þetta Mentor er mjög sniðugt.

Mér finnst hafa orðið jákvæðar breytingar varðandi upplýsingaflæðið eins og t.d. með þennan aðgang að Mentor. Þar getur maður séð allt það sem barnið á að læra og yfirleitt allt um barnið.

3. Umsjónarkennari

Umsjónarkennarar barnanna fengu margskonar hrós og var lítil munur á hópunum tveimur hvað þetta varðaði. Ánægja með umsjónarkennara hefur einnig verið mikil og almenn í niðurstöðum viðhorfskannana. Engin greinanlegur munur var hér á skoðunum foreldra á miðstiginu annarsvegar og foreldra á yngsta stiginu hinsvegar.

Einn viðmælandi vildi meina að kennari síns barns væri „besti kennarinn í landinu“ og annar sagðist ekki skilja hvernig umsjónarkennarinn þyldi álagið sem fylgir starfinu.

Umsjónarkennari drengsins míns er örugglega besti kennarinn í landinu! Það besta í skólanum er þessi kennari. Hún hefur verið þarna held ég frá upphafi.

..., umsjónarkennari drengsins míns er með 28 krakka í bekk, og svo er hún með tvö lítil heima. Ég skil þetta ekki. Ég væri búin að vera inni á hæli marg oft við þessar aðstæður! Ég bara gæti þetta ekki.

Að mörgu leyti er þetta kraftaverkafólk.

Ekki voru þó allir ánægðir með umsjónarkennara barnanna sinna. Einum fannst aginn á bekknum vera á undanhaldi.

Kennarinn sem hún hefur núna er ekki upp á marga fiska. Samskiptin eru í lagi. En ég er óánægð með kennsluna og aganum í bekknum fer hrakandi. Og ég er ekki ein um þessa skoðun.

Í umræðunni um hlutverk umsjónarkennara kom fram að viðmælendum fannst kröfur á kennara alltaf vera að aukast. Því væri hollt fyrir foreldra að sitja inni í bekk og sjá álagið sem kennarar eru undir.

..., kröfurnar á kennara eru alltaf að aukast. Fólk áttar sig ekki á því hvernig er að vera inni í bekk. Þú ert með börnunum allan tímann, og kannski eru 5-6 af börnunum með einhverjar sérþarfir. Engir peningar eru til að fá meiri sérkennslu. Þú átt að vera með einstaklingsmiðað nám. Og kenna þeim kurteisi, lífsleikni og hvað veit ég?

Það er gott að sjá dýnamíkina í bekknum, og maður fær þá oft mikinn skilning á kennaranum og álaginu sem hann er undir. T.d. þegar trítílóðir strákar eru til staðar sem engu gegna. Og stundum dáist maður að viðkomandi bara að höndla þetta.

... þá segir það sig sjálft að það er verið að sprengja kennarana. Þeir ráða illa við þetta...það þarf fleiri fólk. Það er engin spurning.

Maður getur ekki kennt skólanum um allt. Við erum að ala börnin upp, við erum ábyrg. Það er ekki alltaf hægt að kenna einhverjum öðrum um hvernig fer. Það þarf að virkja sjálfan sig.

4. Samskipti við starfsfólk skóla

Umræðan um samskipti viðmælenda við skólana var fyrirferðarmikil. Samanborið við yngsta stigið voru foreldrar á miðstiginu í heildina ívið minna ánægðir með samskiptin við skólana. Fyrri hópurinn á miðstiginu var sáttari við samskiptin en seinni hópurinn.

Samskipti við skólann eru góð og þetta finnst mér skipta miklu máli.

Þetta er mikið sama starfsfólkið, og mjög viðkunnanlegt fólk...

Talað var um mikilvægi þess að foreldrar létu starfsmenn skólanna vita af einu og öðru svo hinir síðarnefndu gætu betur áttað sig á líðan barnanna. Einnig var minnst á mikilvægi þess að hrósa starfsfólki þegar það á við.

Ég held að skólinn viti nokkurn veginn á hvaða heimilum er erfitt, en ég held að við foreldrarnir séum ekki nógu dugleg að segja skólanum frá einu og öðru. Og meina líka þegar okkur líkar vel. Það er agalegt fyrir kennara að tala bara við foreldra þegar foreldrarnir eru að setja út á eitthvað.

Talað var um að foreldrar gætu haft áhrif ef þeir létu skoðanir sínar í ljós varðandi tiltekin mál. Þá hafði einn viðmælenda þá sögu af segja frá fyrirverandi stjórnendum í skóla barns síns, að þeir hefðu ítrekað leitað til foreldra þegar taka átti ákvarðanir um eitt og annað.

5. bekkur hjá okkur er 30 krakkar og þar eru mikil vandamál. Foreldrar þar fóru fram á fund með kennaranum. Samkomulag varð um að skrifa bréf til skólastjóra, næsta vetur verða þetta tveir bekkir... Og þetta gerðist vegna þess, tel ég, að foreldrar gerðu eitthvað og hlustað var á það.

...gamla skólastjórarið, þau voru góð saman. Þá var líka miklu meira samráð við foreldrana. Ég var þarna í foreldrafélaginu og þau voru að hringja í mig og fá mitt álit á einhverju sem í rauninni kom mér ekkert við, en var samt eitthvað sem þau vildu heyra hvað foreldrum fannst um. Þau sendu líka oft á okkur tölvupóst sem var sá sami og þau voru að fara að senda frá sér, bara til að fá okkar viðbrögð. Mér fannst þetta jákvætt.

Aðrir voru ekki ánægðir með samskiptin, t.d. við skólastjórnendur.

Mér finnst samskiptin við skólastjórnendur ekki heldur góð, við erum bara látin vita þegar búíð er taka ákvarðanir, við erum aldrei höfð með í taka þær. Það er búíð að breyta bekknum tvisvar, og þegar honum var seinast breytt, þá var okkur bara tilkynnt það. Ég vil hafa eitthvað um svona að segja og a.m.k. vera spurð um svona. Þetta er barnið mitt. En við mann er bara sagt “svona á þetta að vera, punktur”.

Annar viðmælandi gagnrýndi stjórnendur í skóla barns síns, fyrir að eiga erfitt með að hlusta á skoðanir annarra, hvort heldur væri um að ræða foreldra eða samstarfsfólk.

En það sem mér finnst löstur á þeirra stjórnunarstarfi er það að þeir hlusta ekki nógu vel á það sem verið er að segja við þá. Þeir pínulítið kaffæra fólk strax þegar það kemur með aðrar skoðanir en þeirra eigin...Þess vegna veit ég um marga sem veigra sér við því að bera upp erindi sín við þá.

Það þýðir ekki að segjast keyra á samvinnu heimilis og skóla, þegar svo annar aðillinn hlustar ekki á hinn.

En þetta er partur af þessari “my way or no way” stefnu sem stjórnendur skólans viðhafa að mínu mati.

Núverandi skólastjóri er síðan mun minna sýnilegur en ... fyrrverandi skólastjóri var. Þessi núverandi sést aldrei.

Óánægja var með ráðningamál í skólunum sem að mati viðmælenda þóttu veikja skólana og skemma fyrir samstarfi skólans við bæði foreldra og nemendur.

Mér finnst líka mjög neikvætt að gamli skólastjórinn skuli bara hætta fyrirvaralaust. Að hann geti ekki beðið allavegna út skólaárið með að fara á svo einhvern annan stað...!

Mér finnst það mjög skrýtin stjórnunarstefna að vinnuveitandi skuli láta starfsmenn fara að vinna einhversstaðar annarsstaðar, þegar hann fer frá hálfkláruðu verki. Uppi í skóla gerðist það að það var námsráðgjafi sem líka var kennari,..., hún hætti í febrúar og fékk betra starf hjá borginni...sem sé hjá sama vinnuveitanda. Þetta skapaði mjög mikla erfiðleika þarna uppfrá.

Að sama skapi lýstu aðrir ánægju sinni með stöðugleika í starfsmannahaldi.

Það er lítil kennaravelta í skólanum og yfirhöfuð held ég að við séum heppin með kennara... Við erum alltaf með sama aðstoðarskólastjórann, sama námsráðgjafann, sama félagsráðgjafann. Við erum mikið með sama fólkið og mikið af góðu starfsfólki.

Í báðum hópum var töluvert um að viðmælendur kæmu með dæmi um óviðunandi framkomu starfsmanna skóla í garð nemenda. Þrátt fyrir að óánægjulýsingar hefðu meira áberandi í hópunum tveimur, heyrðust líka lýsingar á starfsfólki sem sýndi virðingu og kurteisi.

Það sem mér finnst mjög jákvætt í skólanum þá held ég að undantekningarlaust beri starfsfólkið virðingu fyrir börnunum, og börnin bera aftur virðingu fyrir þeim.

Það er líka kona í “búrinu”, og hún er mjög elskuleg gagnvart ... dóttur minni...Konurnar í eldhúsinu eru líka alþýðlegar...

Eins og áður segir voru fleiri dæmi um neikvæða framkomu starfsmanna.

Sumir kennara skólans sýna börnunum nokkuð virðingarleysi og trúá þeim ekki. Þeir segja beint framan í börnin “þú ert bara að ljúga”. Í stað þess að segja eitthvað annað... Þetta eru

sem betur fer ekki margir kennarar, en vegna þeirra sem leyfa sér þetta þá líður börnunum ekki vel í skólanum. Þau halda jafnvel að kennarinn þoli þau ekki.

Strákurinn minn sagði mér frá því að hún öskraði stöðugt og einn daginn sagði hann við mig að hún hefði sagt krökkunum “að drullast til að ná í bækurnar”

Ég er ekki sátt við gangaverðina...ég hef staðið þá að því að vera mjög fruntalegir gagnvart krökkunum og það er erfitt að fá þá til að opna stofurnar ef þessi grey gleyma einhverju inni.

Eitt foreldri kvartaði yfir framkomu stjórnenda. Var hér sérstaklega tekið fram tilvik þar sem stjórnendur refsuðu öllum hópnum fyrir það sem einn eða tveir einstaklingar voru sekir um.

Það voru eyðilagðar tvær tölvur í skólanum hjá okkur og 7-10. bekkur var allur settur í tölvubann. Ég var mjög ósátt, vegna þess að mín stelpa var t.d. akkúrat með flensu þegar þetta gerðist.

5. Skipulagning náms og kennsluhættir

Samanborið við foreldra barna á yngsta stiginu voru foreldrar á miðstiginu ekki eins ánægðir með nám barna sinna. Munur var á hópunum og var seinni hópurinn greinilega meira óánægður en sá fyrri. Nokkur umræða skapaðist um hvað það væri sem börnin þyrftu að kunna skil á í náminu, t.d. að loknu ákveðnu fagi eða jafnvel heilum vetri.

Ég hefði haldið að það ætti að vera þannig, að til væri sérstakur gátlisti þar sem segir „í þessu fagi lærir þú þetta“ o.s.frv. Í stað þess að þetta fari eftir því í hvað skóla þú ert og með hvaða kennara þú ert. Hvernig fer þetta þegar börnin svo fara í menntaskóla?

Mér hefur einmitt fundist vanta, svo maður geti fylgst með, einhverskonar námsáætlun þar sem eru lýsingar á hverju fagi. Rétt eins og er í framhaldsskóla.

Töluverð gagnrýni kom fram á samkennslu í skólunum. Fram kom í fyrsta lagi að í stórum hópum samkennslunnar væri meiri hætta á truflun en í „venjulegum“ bekkjum, í öðru lagi að samskipti kennara við nemendur yrðu ópersónulegri, í þriðja lagi að kennarar gætu verr sinnt öllum nemendum í kennslustund og í fjórða lagi að samkennslan hlyti að vera slæm fyrir slaka nemendur.

Í okkar .. skóla hafa skólastjórnendur komið því á að keyrð er samkennsla tveggja árganga...Sitt sýnist hverjum um þetta, mér finnst þetta ofsalega neikvætt...Í samkennslu eru þetta ...um 70 nemendur...hópurinn er allt, allt of stór. Þið vitið að maður verður sjálfur þreyttur í vinnunni ef það er sífellt kvak í kringum mann. Þarna er ástandið svoléiðis, það þarf ekki nema eitt barn sem ekki fer eftir fyrirmælum til að raska vinnufriðinn fyrir hinum...Þegar ég fór á jólafondur með syni mínum síðustu jól, þá hélt ég að mig væri að dreyma þegar kennarinn byrjaði að tala í hljóðnema. Ég hugsaði “bíddu, er ég komin um borð í flugvél?” Allt í einu gjall í hátalarakerfinu að allir ættu að tala saman og mér fannst þetta mjög neikvætt.

En er það ekki bara það að hóparnir eru svo stórir að kennararnir komast ekkert yfir þetta? Það er ekki í mannlegu valdi að geta sinnt öllum þessum hópi vel.

Ef ég ætti barn, sem ætti í erfiðleikum með sitt nám, og verandi í einstaklingsmiðuðu námi, hefði ég áhyggjur af því að barnið dragist aftur úr og komist ekki yfir það námsefni sem því er ætlað að ljúka þetta skólaárið.

Umræða kom upp vegna magns skólabóka í töskum barnanna. Tveimur foreldrum fannst það neikvætt að óljóst væri í hvaða fögum börnin ættu að vera á tilteknum dögum, sem gerði það að verkum að börnin væru sífellt að burðast með mikið magn bóka í skólatöskunum.

En þau vita aldrei nákvæmlega hvaða fög eru kennd í skólanum hverju sinni og verða því að allar bækurnar með sér á hverjum degi... Vegna þessa eru líka krakkarnir með allar bækurnar í töskunni í einu sem gerir þær mjög þungar. Þótt standi á stundatöflunni íslenska í dag, þá er ekkert víst að svo sé.

Lengi vel rengdi ég son minn varðandi dótið í skólatöskunni hans. Ég hélt að hann nennti ekki að þæla í því hvað hann þurfti hverju sinni og þess vegna væri hann bara með þetta allt. En svo kom í ljós að hann á að bara að vera með 30 kíló á bakinu á hverjum degi!

Fram kom ánægja með sérgreinar hjá einum viðmælanda.

Líka jákvætt hvað skólinn leggur mikla rækt á að krakkarnir fái kennslu í smíði, tónmennt...það er mikill metnaður lagður í þesskonar nám líka. Og í sérgreinunum höfum við fyrsta flokks kennara.

Foreldri sem var mjög óánægt með skóla barns síns talaði um sérskóla sem annað barn þess væri í og vildi sjá þessa nálgun í öllum skólum.

Ég er með barn í sérskóla...Og námið er árangurstengt. Það er reynt að finna leiðtogann í hverju barni...Barninu er rétt efni við hæfi.

Óánægjuraddir heyrðust vegna of lítills heimanáms barnanna. Samanborið við foreldra barna á yngsta stigi voru foreldrar barna á miðstiginu ekki eins ánægðir með heimanámið. Sumir töldu heimanám kenna börnunum aga og skipulagningu auk þess sem það væri mikilvægt vegna meiri áherslu á slíkt á framhaldsskólastiginu.

Mér finnst heimanámið alls ekki mikið,...Þau koma heim með 4-5 reikningsdæmi einu sinni eða tvisvar í viku. Þetta eru 11 ára krakkar, þau eiga að fá einhverv alvöru heimadæmi!...Mér finnst þetta skipta máli upp á aga, hún þarf að setjast niður og sýna ákveðinn aga.

Ég vil að það sé heimanám, vegna þess að eldri börnin mín sem voru í skólanum kunnu ekki að læra heima síðar. Dóttir mín fór í Versló og kunni ekki að læra heima...og það var mjög erfitt...Núna er strákurinn minn í 7. bekk og ég er alltaf að spyrja hann „áttu ekkert að læra?“ En þá virðist hann bara að læra fyrir suma daga og ekki aðra...En þetta snýst svo mikið um framtíðina, þ.e. þegar þau fara í framhaldsskóla, þá kemur vinnan og þá þarftu að skipuleggja þig.

Ég hef verkefni í vinnunni og ég hef sagt við dóttur mína að hún eigi líka að gera verkefni heima. Annars fær hún ekkert að fara út...Þau eru í íþróttum og slíku. Eftir þess háttar er hún oft þreytt og því segi ég henni varðandi heimanámið, að hún verði að skipuleggja sig.

Það að nemendur geti unnið af sér heimanám með vinnu í skólanum var einnig gagnrýnt því þannig ættu foreldrar erfiðara með að hafa yfirsýn yfir nám barnanna.

Því var líka breytt, sem mér fannst mjög neikvætt, að viðvera barnanna var lengd. Um leið átti þá heimanám að detta niður. Mér finnst þetta neikvætt, því ég sem foreldri vil geta haft yfirsýn og geta gripið inn í til að veita börnunum mínum aðstoð...Það er ætlast til þess að þau vinni þetta í skólanum, og ef þau eru dugleg þá gera þau það og þar af lútandi erum við ekki að fá námsefni heim með börnunum. Mér þykir það mjög miður.

Ekki voru allir viðmælendur aðdáendur mikils heimanáms og einn þeirra var ánægður með lítið heimanám því þannig yrði það ekki að kvöð, t.d. fyrir nemendur sem búa við erfiðar heimilisaðstæður.

Ég er ekki talsmaður mikils heimanáms...Mér finnst að heimanám eigi ekki að vera of mikið því heimilisaðstæður barnanna eru svo ólíkar. Ég get setið og hjálpað mínum börnum, ég er útskrifuð úr stærðfræðideild og grunnskólanám flækist ekki fyrir mér. En það eru ekki allir foreldrar sem hafa tíma eða tök á þessu...Ég vil ekki mikið heimanám en það má þá vera eitthvað auka fyrir þá nemendur sem vilja meira... Umsjónarkennarinn sagði við mig að það væri lítið heimanám hjá bekknum, og sumir foreldrar hafa kvartað yfir þessu veit ég. En ég er mjög ánægð með þetta, því ef krakkinn hefur áhuga á að læra, þá lærir hann. Og þá hefur maður hugmyndaflug til að kenna barninu heima eitthvað auka.

Í a.m.k. einum skólanna komu framhaldsskólanemendur inn í skólann og hjálpuðu nemendum við heimanámið. Ánægja kom fram hjá foreldra með fyrirkomulagið.

Það er eitt mjög gott sem byrjaði í vetur og það er að það eru einhverjir framhaldsskólakrakkar sem koma í skólann eftir skólatíma og hjálpa þeim sem vilja við heimanámið. Þar er engin skyldumæting, þannig að hann ræður því hvort hann nýti sér þetta eða hvort að hann komi heim að læra...Grunnskólakrökkunum finnst þetta kannski skemmtilegra heldur en að fara heim með foreldrunum að læra... Ég held að þetta sé hluti af námi þessara framhaldsskólakrakka. Mér finnst öll svona tenging mjög jákvæð.

6. Félagsandi í skóla og einelti

Í fyrri hópnum á miðstiginu var töluvert talað um félagsanda í bekk og skóla en mun minna í þeim seinni. Útfrá umræðunni í fyrri hópnum má segja að lítill munur hafi verið á honum og foreldrum barna á yngsta stigi.

Félagsandinn finnst mér samt ágætur og mér finnst þau hafa staðið saman krakkarnir. Þau voru t.d. í verkefninu „Reyklaus bekkur“ og þegar tvær stelpur fóru eitthvað að fikta við þetta, sem gerði það verkum að bekkurinn datt út úr áttakinu, þá urðu þau mjög reið. Þessar tvær dömur fengu virkilega að finna fyrir því.

Hvað einelti varðar kom fram ánægja með hvernig tekið væri á því.

Mér hefur fundist okkar skóli gera þetta ágætlega. Þau eru með þetta „Olweusar-verkefni“..., kynntu það fyrir foreldrunum á fundi. Þau kynntu eineltishringinn og fóru í gegnum hlutverkaskipan í einelti. Það var skýrt tekið fram á þessum fundi að þegar bjóði ætti í afmæli, þá býðurðu annaðhvort öllum, bara stelpum eða bara strákuum...Mín tilfinning er að það sé

passað upp að ekki komi upp einelti í skólanum. Þau er með mikið af hegðunarreglum og þetta er skýrt í öllum bekkjunum. Það er uppi á borðinu hvernig á að koma fram.

Þættir sem sérstaklega var minnst á, vegna þess hversu gefandi þeir væru fyrir félagsandann í skólunum, voru t.d. samvera á föstudögum í sal og átak í aga- og umgengnismálum.

Á föstudögum er alltaf samvera á föstudögum. Hún felst í því að allir bekkirnir hittast inni á sal. Foreldrum er boðið...Þarna eru sýnd leikrit og hljómsveitir spila og þetta er ekkert venjulega gott. Krakkarnir í skólanum alast upp við það að koma fram. Ef einhver horfði á mig á þessum árum, þá dó ég! Þarna standa þau bara upp, halda ræður og þau segja það sem þeim finnst...Mér finnst þetta alger snilld... Og það er haft hljóð og það heyrst ekki í saumnál falla! Og þá eru allir að minnast einhvers. Þetta er svona hópefli, þetta finnst mér alveg sérstakt og hef ekki séð í öðrum skólum.

...en í skólanum er eitthvað sem þau kalla “smelli”. Þessi “smelli” fá þau fyrir allskonar misjafna hluti, hvort sem er að vera duglegur í náminu eða fyrir að hjálpa öðrum . Sérhver starfsmaður skólans sem sér nemenda geri eitthvað gott út á leikvelli, getur rétt nemandanum “smell”. Síðan safnar bekkurinn “smellunum” saman í einhverja krukku. Svo þegar búið er að safna ákveðnu magni þá er haldið pizzupartý eða eitthvað viðlíka. Ég held að þetta sé að skila mjög góðum árangri.

Líka komu fram sögur af tilraunum foreldra til að vera með sérstakar uppákomur svo nemendahópurinn hristist betur saman.

Fyrir tveimur árum þá skiptust við á að taka fimm börn heim og gerðum eitthvað skemmtilegt með þeim. Ástæðan var að þarna voru börn sem ekki voru að falla inn í hópinn og voru útundan Eitt foreldrið stakk upp á þessu...Til að mynda samheldni, þannig var bekknum skipt upp í nokkra fimm manna hópa og fengu krakkarnir ekki að ráða þessari skiptingu...Þetta var til að hjálpa börnunum að kynnast í stað þess að þau væru bara að para sig tveir og tveir.

Einn viðmælandi sagði frá slæmri reynslu sinni í gegnum árin með börn sín þegar þau væru úti á skólalóðinni. Hans reynsla var að þar bæri meira á andfélagsleg hegðun nemenda vegna ónógrar gæslu fullorðinna.

Ég á þrjú börn, 30, 27 og 13 ára. Mér hefur fundist gegnumgangandi með þau öll hvað gæsla á skólalóðinni er léleg....þau hafa öll lent í alvarlegum hlutum á skólalóðinni. Ég hef sett mikið út á þetta í öllum viðkomandi skólum. Mér finnst alltaf slakna á þessu þegar líður á veturinn.

7. Sérkennsla

Í þremur tilvikum áttu foreldrar í rýnihópum á miðstigi börn sem þurftu á sérkennslu að halda. Í fyrri hópnum mátti bæði heyra jákvæða hluti og neikvæða um sérkennsluna, meðan að viðmælandi í seinni hópi var mjög ósáttur við skóla síns barns þegar kom að sérkennslunni.

Við erum með einstaklega góða sérkennslu. Ég held að það sé ekki hægt að fá hana betri. Þau börn sem þurfa á henni að halda fá hana og það er ekki gefið í öllum skólum. Börn úr öðrum skólum hafa verið að koma í skólann til að fá sérkennslu. Þegar stelpan mín greindist með

námsörðugleika vegna lesblindu, þá fékk hún um leið alla þá hjálp sem hún þarf. Hún hefur verið í þessari aðstoð núna í eitt og hálf ár og það hefur gengið mjög vel.

Öðrum viðmælanda fannst að sífellt þyrfti að vera á verði gagnvart því að barnið fengi þá sérkennslu sem það ætti rétt á.

Ég hef reynt að fá meiri stuðning fyrir drenginn minn og það er ekki að ganga. Ég fór á skólaskrifstofu fyrir nokkrum árum og ætlaði að athuga með þessi mál, og þá varð skólinn mjög móðgaður og fannst eins og ég væri eitthvað að efast um þeirra störf. En ég var bara að athuga á hverju ég ætti rétt á fyrir strákinn.

Mér hefur fundist það gegnumgangandi síðan drengurinn minn greindist með þessa fötlun, að ekkert kemur sjálfkrafa. Við þurfum að vera eins og varðhundur úti um allar trissur til að fá það sem þessir krakkar þurfa.

Hann á að vinna heimavinnu og það er mjög erfitt að eiga við það. Á hverju hausti hittum við foreldrarnir kennara og við förum yfir hvernig best sé að fara að þessu með strákinn. Og við minnum kennara á að hann þarf sérstaka hluti. En mér finnst þetta alltaf fara út og suður. T.d. er núna verið að gera allt annað en það sem var talað um í haust...

Í þessu samhengi kom fram að ef skólafélag Reykjavíkurborgar um skóla án aðgreiningar eigi fram að ganga, þá verði skólarnir að sjá um sérkennsluna jafnvel þótt hún sé dýr.

Maður veit að sérkennslan er mörgum skólum dýr og erfið. En ef það á að vera „Einn skóli fyrir alla“ þá verða skólarnir að sjá um þetta.

Foreldri í seinni hópi var eins og áður segir mjög ósáttur. Hann taldi geðsjúkdóma vera skör lægra miðað við marga aðra sjúkdóma.

Það er ein mamma sem er búin að fara með 6 börn í gegnum skólann, ...Þessi mamma sagði við mig „...það eru bara afburðanemendur sem komast slysalaust í gegnum þennan skóla. Ef það eru einhver vandamál eða nemendur með einhverjar sérþarfir, þá ertu komin með allt á móti þér. Ef að svo er þýðir ekkert að vinna með stjórnendum skólans“. Ég er með dreng...og skólaganga hans byrjaði mjög illa. Við þurftum að bíða í 2 ár eftir greiningunni, og þessi tvö ár ofreyndu kennarann. Hún vildi alltaf meina að óþekktin væri agaleysi að kenna og kæmi heiman frá. En greiningin sýndi fram að það var ekkert svoléiðis. Barnið er 95% ofvirkt...

Maður þekkir fólk sem á börn með fötlun, allskonar sjúkdóma, t.d. flogaveiki. Í öllum tilfellum getur þetta fólk leitað til sterkra samtaka vegna barnanna, það á sér talsmenn. Þetta er eitthvað viðurkennt og eitthvað sem til er fræðsluefni um. En þegar kemur að geði þá er það ekki enn að gera sig í menntakerfinu í dag. Kennarar eru haldnir fordómum gegn geðfötluðum börnum, þar er lítill skilningur...Það þarf að gera mikið ef þetta á að batna, það á að vera sérdeild í hverjum skóla fyrir þessi börn því hvert barn á rétt á að stunda sinn hverfis-skóla.

8. Nemendur af erlendum uppruna

Mikil aukning nemenda af erlendum uppruna í grunnskólum kom til tals og höfðu foreldrar áhyggjur af því hversu illa, að mati þeirra, skólarnir væru undirbúnir undir þessa miklu breytingar. Skólarnir fengu þó líka hrós hvað málaflokkinn varðar.

Þarna er alltaf að fjölga útlendingum, og ég veit ekki hversu mörg þjóðerni eru núna í skólanum. Yfirleitt hefur það gengið bara mjög vel. En maður heyrir það núna, sérstaklega á eldri krökkunum ..., að skólinn er eiginlega orðinn tvískiptur, þannig að talað er um krakkana frá Asíu sem einn hóp og alla aðra sem annan hóp. Mér finnst þetta svo sorglegt, það vita þetta allir, en það er ekkert gert í því. ... Foreldrar og vissir starfsmenn skólans hafa verið að kvarta yfir því að skólastjórnendur gera ekkert í þessu máli. Þessu er bara leyft að viðgangast... Kennarar og skólastjórnendur eru ekkert tilbúnir að taka á móti þessum fjölda. Það hlýtur að þurfa að undirbúa starfsfólkið og jafnvel hina nemendurna.

Undirstrikar þetta ekki bara hina almennu þjóðfélagsumræðu, að flæðið hingað af erlendu fólki er svo mikið, að við erum ekki í stakk búin til að taka á móti öllum þessum fjölda? Við höfum ekkert undirbúið okkur.

9. Breytingar milli skólastiga

Að fara af yngsta stigi yfir á miðstig var til umræðu og voru viðmælendur sammála um að vegna þess hversu miklar breytingar verða hjá börnunum, eigi skólarnir að halda sérstaklega vel utan um þau á þessum árum.

Það er ofboðslega mikið að gerast hjá krökkunum á miðstiginu: líkamlega, andlega og félagslega. Það þyrfti kannski að einblína enn meira á krakkana á miðstiginu sem manneskjur, frekar en kannski á yngsta stiginu, því þau eru að ganga í gegnum svo rosalegar breytingar...ég veit að kennsluskráin er pökkuð og kennarar eiga eiginlega að kenna börnunum allt, en mér finnst mikilvægt að muna eftir miðstigskrökkunum sem manneskjum.

Mér finnst að þyrfti að halda þyrfti eins vel um þau á miðstiginu eins og gert er á yngsta stiginu.

Þetta tímabil hjá þeim er svo viðkvæmt. En þeim þykir öllum vænt um hvert annað, þau eru búin að vera saman í bekk í 6 ár og mörg hver koma beint úr leikskólanum við hliðina á skólanum. Ég held að þetta fari allt vel þrátt fyrir hræringarnar núna. Þau eiga nú enn eftir þrjú ár.

Vegna þess hversu margar stúlkur verða kynþroska snemma, fannst einum viðmælanda fræðsla um kynþroskann byrja alltof seint í skólunum. Sagt var frá vel heppnaðri fræðslu fyrir stelpur á miðstiginu sem að foreldrar stóðu að.

Ég og ein önnur mamma ákváðum að hafa mæðgnakvöld. Við fengum hjúkrunarfræðinga frá Heilsugæslunni sem voru bara með fyrirlestur. Við vorum sem sé allar að fá sömu fræðslu á sama grunni...það var verið að sýna þeim dömubindi og annað í þeim dúr...þetta var bara mjög skemmtilegt. Það var tekið hlé og borðaður matur, þetta var notaleg samvera. Þetta var engin kynlífsfræðsla enda börnin alltof ung í það, heldur bara kynning á þroskanum. Þetta mæltist mjög vel fyrir.

UNGLINGASTIG: 8-10. BEKKUR

Nú voru samtals í rýnihópum vegna unglíngastígs, fjórir í þeim fyrri og fimm í þeim seinni. Eins og með hin skólastígin þá samanstóð fyrri hópurinn af foreldrum úr skólum sem komu almennt vel út úr viðhorfskönnun foreldra 2006, meðan í seinni hópi voru foreldrar nemenda úr skólum sem komu síður út. Hvað kynjaskiptinguna varðar þá voru konur aftur í meirihluta, en tveir karlar voru í fyrri rýnihópi og einn í þeim seinni. Fyrri hópurinn hittist þriðjudagskvöldið 29. maí en sá seinni kvöldið eftir.

Samanborið við yngri stígin tvö þá var ánægja foreldra nemenda á unglíngastígi, þegar á heildina er lítið, svipuð og ánægja foreldra á miðstíginu, en minni en ánægja foreldra á yngsta stíginu.

Sem fyrr eru notaðir litir til aðgreiningar á niðurstöðum úr umræðu, í fyrri hópi er notað **brúnt** letur og þeim síðari **grænt**.

1. Þátttaka í skólastarfi

Miðað við rýnihópana vegna yngri stíganna, þá bentu ummæli foreldra á unglíngastígi til þess, að minna foreldrasamstarf væri á því stígi. Ekki var greinanlegur munur á fyrri og seinni hópi. Þó voru nokkur dæmi um gott og virkt foreldrasamstarf á unglíngastígi og jafnvel að virknin hefði aukist miðað við þegar barn var á miðstíginu.

Það er mjög virkt foreldrastarf í skólanum. Alveg upp í 10. bekk... Þetta hefur gengið mjög vel, og það er alltaf nóg um að vera. Það er haldin foreldradagur og svo eru námskeið fyrir foreldra.

Við höfum ekkert verið að gera seinustu tvö árin, en við ákváðum að gera skurk í vetur og það hefur gengið vel. Við höfum farið í leikhús með þeim og tvisvar í bíó. Við foreldrarnir hittumst svo á kaffihúsi.

Í fyrri hópnunum nefndu foreldrar að skólinn styddi vel við foreldrasamstarfið.

Skólinn hefur stutt foreldrastarfið mjög vel.

Skólinn hefur líka hvatt til foreldrasamstarfs á haustfundum.

Nokkrir viðmælenda vildu meina að erfiðara væri að halda úti virku foreldrasamstarfi á unglíngastíginu. Stundum væri samstarfið milli foreldranna orðið að engu.

Annars finnst almennt foreldrastarfið í efri bekkjunum vera lítið. Það dregur úr þessu eftir því sem börnin eldast. Það er virkari stemning í kringum yngri börnin heldur en með eldri börnin,....

Samstarfið var eitthvað í fyrstu bekkjunum en hefur verið lélegt síðan. Eiginlega hefur þetta alltaf verið frekar lélegt og svo nákvæmlega ekkert seinustu árin.

Ástæðan fyrir breyttu foreldrasamstarfi miðað við yngri stigin var líka sögð liggja hjá unglingunum sjálfum sem í sumum tilvikum vildu sjálfir draga úr samskiptum við foreldra í samhengi skólans. Eða að það vantaði einfaldlega hefð fyrir því að öflugt foreldrasamstarf væri á unglingastiginu.

Samstarfið á milli foreldra er öðruvísi á unglingastiginu miðað við fyrri stigin...Þetta að fara í keilu einu sinni í mánuði og slíkt, það er allt saman erfiðara núna en það var áður. Núna er nær að það sé farið í keilu þrisvar sinnum samtals yfir allan veturinn. Krakkarnir sjálfir hafa líka áhrif á þetta, þeim finnst allt svona öðruvísi en þegar þau voru t.d. í 4. bekk. Kannski hafa þau ekki áhugann lengur, það stýrir þessu mikið.

Hjá okkur eru líka margskonar viðburðir fyrir allan skólann, en það er ekkert sérstakt fyrir unglingadeildina. Við foreldrar á unglingastigi erum ekki á bekkjarkvöldum með börnunum okkar.

Eins og var í rýnihópum vegna yngra stiganna, þá töluðu viðmælendur um að það væri mikið til sama fólkið sem væri virkt í foreldrasamstarfinu.

Hjá okkur hefur þetta mikið verið sama fólkið. Þetta er ofvirkt fólk, því finnst þetta væntanlega svona gaman! Það er bara mjög gott fyrir okkur hin.

Ég veit að skólinn hefur verið að hringja út til foreldra vegna eins og annars, en það eru bara allaf sömu foreldrarnir sem mæta. Það er bara svoleiðis.

Ég var í foreldrafélaginu...Og þegar eitthvað var, þá var alltaf vesen fyrir fólk að komast. T.d. voru þeir á aðalfundi sem við héldum! Og þetta í einum stærsta skóla landsins!

Þetta eru alltaf sömu konurnar sem eru að reyna að gera eitthvað, og það hlýtur að vera þreytandi að leggja tíma og orku í þessa hluti þegar svo enginn kemur. Það vantar eitthvað þarna.

Viðmælendur vildu ekki endilega tengja dræma þátttöku í foreldrasamstarfi við áhugaleysi hjá foreldrum. Til dæmis nefndi ein móðirin eftirfarandi:

Ég er einstæð móðir og hef eiginlega alltaf verið ein með mín börn. Foreldrasamstarf hefur mætt afgangi hjá mér einfaldlega vegna tímaskorts. Ég hef þannig ekki getað sinnt þessu jafnvel þótt ég hafi viljað það.

Viðmælendur voru almennt sammála um kosti þess að foreldrasamstarf væri öflugt. Bæði gagnvart þeim sjálfum sem og börnunum.

Það er líka svo gott að þurfa ekki að vera feimin við að taka upp símtólið og hringja í t.d. mömmu vinkonunnar.

Það gefur börnunum mjög mikið ef foreldrastarfið er virkt. Og kannski mikið meira en við höldum.

2. Upplýsingaflæði

Margir viðmælenda lýstu yfir ánægju með upplýsingaflæðið og var lítill munur á hópunum tveimur. Fram kom að boðleiðirnar væru t.d. í gegnum Mentor, SMS skilaboð eða upplýsingar á blaði sem unglingarnir tækju með sér heim úr skólanum.

Það er hægt að sjá það inni á Mentor hvað á að læra heima.

Ef eitthvað er sem fólk má vita um, fá flestir að vita af því. Það er gefinn út af skólanum smá pési um eitt og annað.

Það er byrjað að senda SMS-skilaboð ef það er eitthvað.

Á hinn bóginn kom líka fram gagnrýni vegna notkunarleysis á Mentor.

Mentor á að vera miðill til að koma helstu upplýsingum til foreldra vegna krakkanna. Ég fæ póst vegna strákanna minna sem eru í 2. og 6. bekk. En ekkert vegna stelpunnar í unglingsáæild. Ef þú ferð inn á Mentor þá er þar ekki neitt.

3. Umsjónarkennari

Yfirleitt voru viðmælendur sáttir við umsjónarkennara barna sinna og voru skoðanir hópanna svipaðar því sem var á miðstiginu. Ánægja með umsjónarkennara virtist fyrst og fremst felast í góðum tengslum við þá og ánægju með upplýsingaflæðið frá þeim um nám og líðan nemenda.

Samskiptin eru mjög góð. Samstarfið gengur bara mjög vel. Ég fæ nægar upplýsingar um námið og félagsandann í bekknum. Við fáum að vita um þessa hluti á foreldrafundum og við fáum reglulega pósta í gegnum Mentor um stöðu stráksins. Við í foreldrastarfinu höfum verið mjög virk, þannig það er líka ákveðin upplýsingaveita. Kennarinn hefur líka verið með á foreldrafélagsfundum

Þetta er ...fínt hjá okkur...þá hefur hún sama umsjónarkennarann frá miðstiginu, þannig að við þekkjumst vel. Það er mjög einfalt að hafa samskipti.

Hjá okkur hefur þetta bara gengið vel, við fáum að vita hjá umsjónarkennara ef eitthvað er.

Sumir furðuðu sig á því að umsjónarkennari barnanna væri ekki endilega sá einstaklingur sem kennir börnunum mest. Höfðu þeir áhyggjur af því að erfiðara væri fyrir nemendur að átta sig á við hvern þau ættu að leita vegna hugsanlegra vandamála, sem og að upplýsingaflæðið til sjálfra foreldranna yrði fyrir vikið óskilvirkara².

Það er ekki endilega sá kennari sem kennir manni mest. Hjá minni stelpu var það þannig að umsjónarkennarinn kenndi henni 4 tíma en annar 14! Manni fannst ...kannski eðlilegra að 14 tíma kennarinn hefði verið umsjónarkennari hennar því hann var í meiri samskiptum við krakkana.

² Rétt er að taka það fram að á unglingsáæildunum gerist það í flestum skólum að umsjónarkennari barnanna er ekki lengur endilega sá kennari sem kennir þeim mest. Sérgreinakennarar kenna nemendum þá í auknum mæli.

Svo fer barnið í foreldraviðtal hjá umsjónarkennara og þá veit hann minnst um hvernig gengur hjá barninu því hann kennir barninu svo lítið! Bara með umsagnir frá öðrum kennurum sem hann les af blaði.

4. Samskipti við starfsfólk skóla

Vegna samskipta við skólann má segja að viðmælendur á unglíngastiginu hafi í heildina verið sama sinni og viðmælendur á miðstiginu. Fyrri hópurinn var nokkuð ánægðari en seinni hópurinn með samskipti sín við skóla barna sinna. Ánægjan snéri einkum að góðu aðgengi að stjórnendum skólans og góðu viðmóti starfsfólks.

..., þá finnst mér umhverfið vera jákvætt...Mér finnst líka gott að hafa gott aðgengi að skólastjórnendum og kennurum. Ég veit að það er ekkert mál að fá að tala við starfsfólkið.

Varðandi sjálfan skólann þá hefur aldrei verið neitt vandamál að leita til hans. Það hefur verið sjálfsagt.

...en sem foreldri sem kem inn í skólann þá finnst mér hlýlegt andrúmsloft þarna og jákvætt viðmót. Það er líka gott aðgengi að starfsfólki, mér fyndist ekkert mál að banka uppá hjá skólastjóra þyrfti ég þess. Samskipti við umsjónarkennara eru líka góð, engin stífni er þar í gangi og hún gefur mér þess vegna GSM-númerið sitt.

Við höfum átt gott samneyti við kennarana sem slíka.

En óánægjuraddir voru líka til staðar.

Mér finnst ...neikvætt að þegar maður kemur á skrifstofuna og tekur þar í húninn, þá er þar allt lokað og læst.

Tveir yfirmenn skólans eru alls ekki vel liðnir... Og foreldrar eru ...ekki hrifnir.

Líkari viðhorf voru í hópunum tveimur þegar kom að samskiptum nemenda við skólann, þótt fyrri hópurinn væri samt sem áður ívið sáttari. Svör nokkurra viðmælenda bentu til þess að hóparnir tveir í heild sinni vissu minna um samskipti unglínganna við starfsfólk skólans, en viðmælendur í rýnihópum vegna yngri stiganna.

Ég held að samskiptin séu mjög jákvæð.

Ég hef ekki heyrt kvartanir allavegna frá börnunum vegna þessa.

Almennt held ég að samskiptin séu nokkuð jákvæð.

Húsverði var hrósað fyrir að hafa breytt samskiptamynstri nemenda við skólann til hins betra.

Hjá okkur kom nýr húsvörður og við það breyttist margt. Hann nær til krakkanna og krakkarnir virða hann. Þau fara eftir því sem hann segir. Þetta hefur leitt til meiri aga í skólanum...

Einn viðmælenda var vonsvikinn yfir skrifum starfsfólks skólans í Mentor og vildi meina að þar fengi starfsfólkið útrás fyrir gremju sína vegna hegðunar barnsins.

Það hefur gengið mikið á með mitt barn. Ég fæ fullt af neikvæðum upplýsingum á Mentor...Ég hef í rauninni ekki nennt að nota þetta seinustu tvö árin vegna alls neikvæða áreitísins...maður nennir ekki að lesa allt það neikvæða sem þau finna til að segja um barnið...Það eru margir aðilar innan skólans að skrifa um hann...Þetta eru bara allt inni í Mentor og þar fær fólkið útrás vegna þessa.

Nefnt var mikilvægi þess að starfsfólk skóla væri fyrirmynd nemenda hvað varðar hegðun þeirra og framkomu og ekki væri alltaf samræmi í því hvernig starfsfólkið kæmi fram við nemendur og hvernig ætlast væri til þess að nemendur kæmu fram við starfsfólk.

Það er alltaf verið að segja við hann í unglingadeildinni að hann sé fyrirmynd yngri krakkanna og því eigi hann að koma vel fram. Ég spyr þá alltaf „hver er fyrirmyndin hans?“ Ef að kennarar mega segja við hann „þegiðu“ og það sem þeim sýnist, auk þess að reka hann út úr skólastofunni, á hann þá samt að læra að vera góð fyrirmynd litlu krakkanna? Börnin byrja ekki á svona hlutum, þau læra af fullorðnum.

Ánægja kom fram með nýjan skólustjóra, sem að sögn viðmælenda hafði leitt af sér meiri aga í skóla barnsins.

Ég er ánægður í heild sinni með þróunina seinustu 2-3 árin. Nýr skólustjóri á sínum tíma tók til hendinni. Það er kominn annar nýr núna og vonandi heldur þessi góða þróun áfram. Þarna er ég að tala um meiri aga og betra skipulag. Hlutirnir eru í fastari skorðum en þeir voru. En auðvitað er alltaf eitthvað sem má laga.

Sumir lýstu áhyggjum sínum af því sem þeir skynjuðu sem agaleysi nemenda á Íslandi og virðingarleysi þeirra gagnvart fullorðnum.

Ég held að það sé landlægt hér á Íslandi hvað börn komast upp með mikið skvaldur í tímum.

Virðing fyrir kennurum meðal nemenda virðist vera meiri erlendis en hér.

Viðvera nemenda á unglingastigi kom til tals í seinni hópnum. Einum viðmælenda fannst skóli barns síns beita of hörðum reglum vegna fráveru nemendanna.

Hjá okkur fá þau punkt ef þau yfirgefa skólalóðina, það er tekið fram á Mentor sem brot á skólareglum...Þetta er rosalega strangt. Þau mega ekkert fara útaf skólalóðinni.

Annar viðmælandi var hinsvegar jákvæðari gagnvart sömu reglum.

En hefur það ekki verið vandræði í skólunum að halda þeim inni á skólalóðinni, að þau séu ekki að fara út í sjoppu? Það er líklega það sem verið er að hugsa um með þessu. Hafa þau eitthvað erindi útaf skólalóðinni á skólatíma?

5. Skipulagning náms og kennsluhættir

Viðmælendur höfðu eitt og annað að athuga við kennsluhætti á unglíngastiginu. Átti það við um báða hópana. Svipaði umræðunni þannig til umræðunnar um sama málaflokk í rýnihópunum á miðstigi. Of hefðbundin kennsla á unglíngastigi og álag vegna prófa voru óánægjubættir auk þess sem efasemdir voru um samkenndu árganga.

Ég skil ekki hvernig er hægt að kenna 40 krökkum í einu þegar þau eru öll á sitt hvorum staðnum í námsefninu og í náminu, og þegar engin kennsla er á töflu...En mér finnst þetta kerfi bjóða upp á það að þeir sem eru ekki eins góðir námsmenn, komi ekki vel út úr þessu. ...Það eru bara tveir kennarar sem kenna í einu rými og undir þessum kringumstæðum þá veður bara hver krakki áfram eins og þeim sýnist...Hinn slaki hlýtur alltaf einhversstaðar að dragast aftur úr.

Hjá okkur er blandað saman árgöngum. Það er ekki alltaf en í vissum fögum. Þannig er tiltekinn árgangur eitt árið með yngri krökkum en annað árið með eldri krökkum...Þetta hentaði stráknum mínum vel, þetta breytti engu fyrir hann...En stelpan mín höndlar þetta ekki. Mér finnst þetta vera galli, því þau verða sum hver óörugg...þessi skipti að vera stundum með yngri krökkum og svo stundum með eldri krökkum.

Öru börnin höndla ekki allt áreitið í þessu opna umhverfi.

Einn viðmælandi kvartaði yfir því að í skólanum hefðu nemendur á unglíngastigi alltof mikinn tíma aflögu í próftörnum sem þeir svo nýttu illa og erfitt væri fyrir foreldra að hafa eftirlit með þeim.

Ög ég er líka óánægð með prófdagana. Ég veit hvernig unglíngar í dag eru, þegar prófi lýkur kl. 10 þá fara þau ekkert heim að lesa. Þau fara í tölvuna eða að horfa á sjónvarpið. Síðan lesa þau kannski eitthvað smá fyrir próf seinna um daginn...þessir prófdagar eru ekki að nýtast þeim. Ég spyr því fyrir hvern eru prófdagarnir? ..., mér finnst bara að krakkarnir eigi að vera í skólanum. Þau eiga ekki að fara heim kl. 10 og fara að leggja sig eins og þau gera. Ég man um jólin að þau fóru í náttfötunum í skólann! Þau voru bara að fara í klukkutímapróf...það tók því ekki að klæða sig! Þessir krakkar þurfa ramma og þurfa reglur. Þarna finnst mér skólinn vera að bregðast.

Töluverð gagnrýni kom fram á mikinn fjölda prófa á unglíngastiginu og talað var um að námsmat mætti vera fjölbreyttara.

Strákarnir mínir eru þreyttir á öllum þessum skyndiprófum og öllu þessu prófaveseni. Það voru aldrei próf úti í Danmörku, ekki einu sinni milli árganga. Þeir eru samt vanir því að taka próf þannig að þetta er ekkert vandamál. Þeir eru sáttari við heimavinnuálagið en prófastandið.

Við erum mjög upptekin af prófum hér á landi.

Vegna þess að allir eru á sitt hvorum staðnum í námsefninu hjá okkur, þá eru nemendurnir að taka próf bara einhvern tíma og einhvern tíma. Það hefur borið á því að kennararnir eru kannski bara með eitt próf, og í þessu kerfi vita því krakkarnir stundum hvernig prófin líta út áður en þau fara í þau.

Í tengslum við umræður um próf fannst sumum jákvætt þegar námsmat var fjölbreytt frekar en að byggja fyrst og síðast á prófaeinkunnum.

Verkefnin eru orðin viðameiri og vægi þeirra er oft að fara upp í 50% af lokaeinkunn í tilteknu fagi. Mér finnst það jákvætt.

Einum foreldranna fannst námið í skóla barns síns íhaldssamt og staðnað.

Ég held að námið sé mjög íhaldssamt. Ég á strák sem núna er að útskrifast úr menntaskóla, og sem var í sama skóla og dóttur mín er í núna, og námið er alveg eins hjá henni núna og var hjá honum þá. Það er engin þróun. Þetta er mjög hefðbundið og lítið skapandi. Mér finnst þetta þurfa að bæta. Þetta eru alltaf sömu bækurnar, ...Mér finnst vanta meiri fjölbreytni og virkja krakkana meira því það býr svo mikið í þeim. Mér finnst það ekki vera að virkja þau þegar verið er að henda í þeim einhverjum spurningum þar sem þau eiga að leita að svörum í einhverri bók.

Sama viðmælenda fannst líka of lítil áhersla vera á lestur á miðstiginu og á unglíngastiginu. Hafði viðmælendi áhyggjur af því að lestur sem slíkur væri vanmetinn á þessum stigum.

Varðandi lesturinn á miðstigi og unglíngastigi þá veit maður að krakkar í dag lesa ekki mikið. Mér finnst alltof lítil áhersla á lestur bóka. Það á að sjálfsögðu að halda áfram að halda að þeim að lesa. ..Það er lítið þannig á að eftir 5. bekkinn séu allir læsir. Þessu er bara ekki svo fylgt eftir. Ég held að þetta sé mikill galli. Við vitum það að lestur krakkanna er í lágmarki, og mér finnst að skólinn eigi að halda þessu að krökkunum. Lesturinn er grunnurinn að öllu, lesskilningurinn kemur með lestrinum.

Sumir viðmælendur voru á því að of lítið væri stutt við bakið á sterkum nemendum í grunnskólanum.

Maður sér alveg að þessir duglegu nemendur gætu gert meira, þeir ráða við miklu meira krefjandi efni. Í Danmörku þá þurftu þeir eiginlega ekkert að læra heima, en þó voru þeir komnir lengra þar í t.d. stærðfræðinni en svo var tilfellið hér, þ.e. þegar við komum heim. Þeir voru eiginlega búnir með efnið sem verið var að kenna hér.

Ég held að almennt á Íslandi er ekki gert nógu mikið fyrir þá krakka sem standa sig vel í skólanum. Ættu þessir krakkar ekki alveg eins að fá sérkennslu?

Einn viðmælenda benti á að unglíngunum fyndist þægilegt að enda skólann að vori á þema – og verkefnavinnu, sem kæmi þá í framhaldi af sjálfum vorprófunum. Þetta kæmi þannig í stað þess að vorið væri eitt samfellt próftímabil með samræmdum prófum og svo vorprófum skólans í kjölfarið.

Hjá okkur eru vorprófin á undan samræmdu prófunum. Svo síðustu tvær vikurnar hafa þau verið að vinna í þemavinnu...Krakkarnir eru ánægð með þetta, þ.e. að enda skólann á svona afslöppuðum nótum.

Nokkur umræða skapaðist um íþróttaiðkun barnanna, sem venjulega fer fram eftir að skóladegi lýkur, og hvernig það skapar tímapressu fyrir fjölskyldulífið. Var ræddur sá möguleiki að íþróttastarfið yrði gert að hluta af skólastarfinu svo að börnin gætu þá eytt kvöldunum í tíma með fjölskyldunni.

Mér finnst að íþróttafélögin ættu að koma inn í skólana... þeir eru á fullu í íþróttum og öðrum tímstundum. En æfingartímarnir eru á milli 5 og 8 sem er versti tíminn fyrir fjölskylduna. Maður er að skutla og sækja endalaust. Mér finnst að þetta ætti að vera í framhaldi af skólanum. Það væri svo gott að þegar við hjónin komum heim og erum búin með okkar, þá komi þeir heim og séu líka búnir með sitt.

Ég er sammála þessu því mér finnst svo mikilvægt að fjölskyldan geti borðað saman kvöldmat. Minn strákur er einmitt mikið á körfuboltaæfingum á því sem við köllum kvöldmatartíma.

Viðmælendur í báðum hópum nefndu of lítið heimanám og fannst sumum of lítið heimanám endurspeгла of litlar kröfur til nemenda. Því yrðu margir nemendur illa undirbúnir fyrir framhaldsskólanámið vegna ónógrar áherslu á heimalærdóm í grunnskólanum.

Mér finnst heimanám vera mjög lítið.

Á tímabili hélt ég að dóttir mín væri bara hætt að læra heima. En hún gerir þetta víst mikið til í skólanum. En mér finnst námsálagið ekki mikið.

...mér finnst vanta hvatningu fyrir þessi góðu að gera enn betur. Hún er t.d. komin í 8. bekk núna og mér finnst vanta að gera þau meira ábyrg fyrir því sem þau eru að gera. Hún á nánast aldrei að læra heima, og hefur ofboðslega mikinn tíma til að gera ekki neitt! ...Það á ekki að vera nóg að rumpa heimanámi af, það þarf að vera smá metnaður á bakvið það sem verið er að gera. Þótt dóttur okkar gangi vel í skóla, þá nennir hún ekki að gera meira en hálftrar síðna ritgerð ef það er boðuð lágmarkslengd ritgerðarinnar! Ég hef það á tilfinningunni að kláru krakkarnir missi hálfpartinn áhugann á að gera vel, en bregði svo illilega þegar þau koma í framhaldsskóla því þá þurfa þau skyndilega að hafa miklu meira fyrir þessu. Þá kannski þarf að eyða öllum deginum í að læra.

Ef til vill styðjast margir foreldrar við heimanámið til að fylgjast með námi barnanna og finnist þeir missa yfirsýnina og tengsl við skólastarfið þegar heimanám er lítið.

Sérstaklega var spurt um þau valfög sem standa nemendum til boða. Umræðan var svipuð í báðum hópum en greina mátti minni ánægju í seinni hópnum. Sumum fannst ekki nóg um valgreinar á efsta stiginu og öðrum fannst kynning á valgreininum ekki nógu góð.

Mér finnst að þetta mætti vera meira...Það vantar eitthvað nýtt og spennandi.

Mér finnst ástæða til að skólarnir kynni fyrir foreldrum og börnunum valfögin. Það hefur ekki verið...Þau fá valblað heim og krossa við eitthvað, en það mætti fylgja þessu eftir og kynna fyrir foreldrum hvernig þetta virkar.

Það þótti líka óheppilegt að ákveðin valfög væru í boði einn vetur en ekki þann næsta. Þetta kæmi í veg fyrir samfellu í námi nemendanna.

Í fyrra var mín stelpa í ljósmyndun í vali. Hún fékk mikinn áhuga á ljósmyndun við þetta og kennarinn hældi henni fyrir góðar myndir. Í framhaldi af þessu keypti hún sér góða myndavél fyrir fermingarpeningana. En svo er þetta ekki í boði þennan vetur. Það er mjög leiðinlegt að geta ekki haldið þessu við...

Sagt var frá samstarfi skóla vegna valfaga, sem gerði það að verkum að hægt væri bjóða upp á fleiri valfög.

Vegna smæðar skólans þá verður skólinn að vera í samvinnu við aðra skóla hvað þetta varðar...Með þessu getur skólinn boðið upp á meira en annars væri. Þegar skólinn reyndi að gera þetta einn dattu mörg valfög niður vegna fámennis.

Ánægja kom fram með sveigjanleg skólaskil, þ.e. að nemendum stæði til boða að taka áfanga á framhaldsskólastiginu. Einnig var greint frá fundum þar sem starfsmenn grunnskólanna kynntu nemendum og foreldrum hvað framhaldsskólarnir hafa upp á að bjóða. Sú skoðun heyrðist að til undirbúa nemendur sem best fyrir framhaldsskólanám, ætti strax í 9. bekk að kynna fyrir nemendum framhaldsskólastigið.

Í valblaðinu sem 9. bekkingar fengu núna í skólanum, er boðið upp á fjarnám...þ.e.a.s. sveigjanleg skólaskil...þau fá þetta val og mér finnst það útaf fyrir sig jákvætt.

Hjá okkur var fundur með aðstoðarskólustjóra og námsráðgjafa sem skýrðu út fyrir þeim hvað væri best fyrir þau að taka eftir því hvaða brautir þau færu á í framhaldsskóla.

...ég er sammála því að þetta má byrja í 9. bekk, því það er svo mikið í boði og svo margir skólar. Framhaldsskólarnir eru líka byrjaðir að teygja sig inn í grunnskólana...og öfugt. Þetta skiptir líka máli upp á sjálft valið í unglingadeildinni í grunnskólanum. Þannig er betur hægt að velja valfög sem passa við framhaldsskólalönin.

6. Félagsandi í skóla og einelti

Góður félagsandi og gott félagslíf er kannski aldrei mikilvægara en á unglingsárunum. Viðmælendur voru að langmestu leyti ánægðir með félagslífið í skólum barna sinna og í félagsmiðstöðvunum og átti það við um báða hópana.

Það er félagsmiðstöð...í hverfinu. 8. og 9. bekkur sækir þetta helst, 10. bekkurinn minna. Böllin í skólanum og allt það sem þar er í gangi virkar mjög vel, góð mæting og er gaman.

En krakkarnir í skólanum hafa verið dugleg að mæta á skólaböll. Kennararnir elduðu einu sinni fyrir krakkana og buðu þeim í veislu og krakkarnir mættu allir spariklæddir. Það tóku sig saman margir kennarar og gerðu þetta.

Kennari dóttur minnar hefur reglulega á hverju vori stelpukvöld þar sem hún býður öllum stelpunum heim til sín. Og þá eru þær að horfa saman á “aðþrengdar eiginkonur” eða eitthvað slíkt!

Það hefur verið virkt félagslíf hjá minni stelpu í skólanum... félagslífið er fínt og hæfilega mikið.

Ég held að félagslífið sé í góðu lagi, ...En það er félagsmiðstöð í skólanum og það er opið hús. Ég held að þessi mál séu í góðu standi...er skólinn með mjög skemmtilegan og flottan íþróttadag og í framhaldi af því er árshátíð.

Minn strákur tekur þátt í öllu, hann er mikil félagsvera og það hefur í rauninni bjargað hans skólagöngu.

Ástandið var þó ekki eins gott alls staðar en það var þó alveg eins vegna mætinga hjá unglíngunum.

Stelpan mín hefur verið að reyna að fara en það hefur bara verið svo illa mætt. En hún sem sér um þetta er nokkuð virk. Hún er rösk og ákveðin...en krakkarnir hafa bara ekki verið að mæta vel.

Sagt var frá þeirri aðferð eins skólans, að blanda saman börnum á ólíkum aldri í kennslu, til að berjast gegn einelti. Aðferðin hefði gefist vel.

Í skólanum er tekið töluvert á eineltismálum með því að rugla bekkjunum saman. Okkur fannst þetta skrytið í fyrstu, því vegna þessarar blöndunar þá er barnið þitt kannski að umgangast börn sem eru fjórum árum eldri. Við vorum hrædd um að þessi eldri myndu alveg stjórna ferðinni og halda þeim yngri niðri. En þannig virðist þetta ekki vera, börnin í skólanum virðast vera mjög meðvituð um einelti. Þannig er það frekar þannig að þau eldri aðstoði þau yngri í þessu kerfi, sem aftur gerir félagsandann í skólanum meira fjölskyldutengdan, því yfirsýnin í þessu kerfi eykst fyrir fjölskylduna.

Einn viðmælandi hafði áhyggjur af erfiðri sambúð skólans við félagmiðstöð sem starfrækt er í skólanum.

Það er vísir að félagsmiðstöð í skólanum. Vegna þess hvað skólinn er nýr eru þessi mál líka enn svolítið á byrjunarreit. Í rauninni er ekki um félagsmiðstöð að ræða í þeim skilningi að það sé eitthvað sérsvæði undir slíkt. Það sem við köllum félagsmiðstöð þarna er bara á almenníngnum í skólanum. Yfirstjórnin í skólanum hefur ekki verið nógu lípur gagnvart félagsmiðstöðinni, sem rekin er af ÍTR. Bæði hún, sem og frístundarheimilið sem rekið er í skólanum, eru að spá í að hætta starfseminni, vegna samskiptaörðugleika við stjórnendur skólans. Það hlýtur að vera erfitt að reka svona starfsemi í opnu rými skólans. Félagsmiðstöðin getur ekkert komið sér fyrir þarna, þau verða að ganga frá öllu sínu hafurtaski í hvert einasta skipti sem félagsmiðstöðin lokar. Það er að sumu leyti kostur að hafa þetta í skólanum, en til þess að starfsemin geti þróast þyrfti hún að vera á sérsvæði sem eingöngu er fyrir hana.

7. Sérkennsla

Meira var komið inn á sérkennslu í rýnihópum á unglíngastigi miðað við á yngri stigunum. Fyrst og fremst þyrfti að gera betur í þessum málum og að sérkennslu skorti á unglíngastiginu.

Á hinn bóginn þá myndi ég vilja sjá meiri peningum varið í sérkennsluna, eins og ég held að sé málið almennt í grunnskólunum. Og þetta vantar líka á unglíngastiginu.

.Mér finnst hinsvegar ekki nógu vel staðið að sérkennslu á unglíngastiginu í skólanum..., sem sé að foreldrar séu að flytja börn úr skólanum...útaf þessu með sérkennsluna.

Sú skoðun kom fram að gera þyrfti betur gagnvart nemendum sem þurfa séraðstoð og að skólayfirvöld þyrftu stundum að líta í eigin barm vegna þeirra.

Mér finnst líka að það mætti taka betur á vandamálum og þeim börnum sem þurfa meiri aðstoð í gegnum skólagönguna. Í stað þess að hlutirnir endi í ferli eins og ég hef lent í með minn strák. Viðhorf innan skólans mættu gjarnan breytast þannig að vandamálin séu líka hugsanlega innan skólans en ekki bara barnanna eða heimilinna. Það er sterkt viðhorf í þessum skóla að hugsað “það er ekkert að hjá okkur”.

8. Breytingar milli skólastiga

Rætt var um hvort viðmælendur hefðu orðið varir við sérstakar breytingar við það að börn þeirra fóru af miðstiginu yfir á unglíngastigið. Svörin voru yfirleitt á þá leið að færsla milli stíganna hefði tekist vel og voru svör hópanna svipuð að þessu leyti. Samanborið við umræðu foreldra barna á miðstiginu virtust foreldrar barna á unglíngastigi hafa minni áhyggjur af færslunni frá miðstigi yfir á unglíngastigið.

Við fáum betri þjónustu á unglíngastiginu en á yngsta stiginu. Þar er marktækur munur.

Ánægja kom fram með það þegar bekkir halda sömu umsjónarkennurum þegar nemendur færast á milli skólastiga. Hið gagnstæða heyrðist þó líka.

Hjá okkur var mjög gott flæði þarna á milli því umsjónarkennarinn fór með þeim á unglíngastigið. Þetta gat varla verið betra.

Eini munurinn var held ég að henni fannst léttir að vera ekki lengur föst með einum kennara. Henni fannst þægilegt að vera með fleiri kennara. Hún var orðin þreytt á kennaranum sem hún hafði fyrir, hún var búin að vera með hann í mörg ár. Ég held að það sé ofmetið á Íslandi sú hugmynd að börnin eigi alltaf að vera með sama kennarann. Hugsanlega er maður ekki ánægður með þann kennara.

Misjafnt var hversu sáttir foreldrar voru við kynningu skólanna á námi barna þegar komið væri á unglíngastig.

Það var haldinn kynningarfundur um haustið, og að mig minnir tveggja daga námskeið, sem sagt tvö samliggjandi kvöld. Það var líka haldið forvarnarnámskeið. Þetta var mjög fínt og gott að kynnast foreldrunum og því sem var að gerast.

Það var enginn fundur hjá okkur sem undirbjó okkur fyrir að hún væri að fara í unglíngadeild...og ekki einu sinni forvarnarfundur. Það er ekki nógu gott.

SAMANTEKT

Yngsta stig

Þegar á heildina er litið voru foreldrar barna á yngsta stigi ánægðastir með skóla barna sinna. Var fyrri hópurinn sérlega ánægður og skar sig reyndar frá öllum öðrum rýnihópum í rannsókninni hvað það varðar.

Á yngsta stiginu var mjög mikil og almenn ánægja með annars vegar skólabyrjun barnanna og hinsvegar með umsjónarkennarana. Hér var nefnt gott skipulag þegar börnin væru að koma í fyrsta skipti inn í skólana og var umsjónarkennurinum hrósað fyrir gott upplýsingaflæði og fyrir að sýna börnunum áhuga og umhyggju.

Einna mestur munur á rýnihópum vegna yngsta stigsins var í umræðunni um upplýsingaflæði. Á meðan fyrri hópurinn var að langmestu leyti ánægður með upplýsingastreymið frá skólum barna sinna var seinni hópurinn áberandi minna ánægður með það. Útfrá þessu mætti draga þá ályktun að gott upplýsingaflæði væri lykilþáttur hvað varðar ánægju foreldra, eins og viðhorf viðmælenda til umsjónarkennara.

Ánægja var með skipulag náms og heimanámið. Jákvætt námsmat, óhefðbundnar kennsluaðferðir og hóflegt magn heimanáms féllu t.d. í góðan jarðveg. Hvað varðar félagsanda og eineltismál í skólunum þá mátti bæði greina ánægju og áhyggjur hjá viðmælendum og snerust áhyggjur t.d. um eineltisviðbrögð skólanna sem sumum fannst ábótavant.

Í umræðunni um breytingar milli skólastiga vildu viðmælendur meina að meira samstarf og meira upplýsingaflæði á yngsta stiginu, milli foreldra annarsvegar og starfsmanna skólanna hinsvegar, gerðu það að verkum að í könnunum mælist meiri ánægja meðal foreldra barna á yngsta stiginu en á hinum skólastigunum.

Miðstig

Fyrri hópurinn á miðstiginu, þar sem viðmælendur áttu börn í skólum sem áður höfðu komið vel út í viðhorfskönnun foreldra, var nokkuð ánægðari en seinni hópurinn þegar á heildina er litið. Á miðstiginu var, líkt og með yngsta stigið, mjög mikil og almenn ánægja með umsjónarkennarana. Þeim var hrósað fyrir dugnað og þolinmæði í starfi. Upplýsingaflæðið var í ágætum farvegi og ánægja var með Mentor.

Rétt eins og með rýnihópana vegna yngsta stigsins, kom fram að sumir foreldrar væru mjög virkir í foreldrastarfinu, meðan aðrir væru það alls ekki. Fram kom nokkur munur milli skóla á því hversu mikið frumkvæði skólarnir hefðu sjálfir að slíku.

Hvað mestur munur á hópunum tveimur á miðstiginu, kom fram í umræðunni um nám og kennsluhætti. Þar var seinni hópurinn töluvert óánægður með eitt og annað meðan fyrri hópurinn var meira hlutlaus. Í seinni hópnum var samkensla í árgöngum gagnrýnd nokkuð sem og of lítill heimalærdómur. Sérkensla kom nokkuð til tals í báðum rýnihópunum á miðstigi og var reynslan misjöfn.

Fram kom að ekki síður þyrfti að passa vel upp á og hlúa að nemendum þegar þeir koma á miðstigið vegna þeirra miklu breytinga sem verða hjá börnunum á aldursbilinu 10-13 ára.

Unglingastig

Lítill munur var á hópunum tveimur á unglíngastíginu. Líkt og vegna yngri stíganna tveggja var mikil og almenn ánægja með umsjónarkennara barnanna. Eins og var vegna yngsta stígsins var umsjónarkennurum sérstaklega hrósað fyrir gott upplýsingaflæði. Hvernig félagslífið er skipulagt í skólunum á unglíngastíginu fékk líka jákvæða umfjöllun.

Hér var einnig rætt um mismikla virkni í foreldrasamstarfi og kom fram að einhverra hluta vegna virtist vera erfiðara að halda úti virku samstarfi þegar nemendur væru komnir á unglíngastig. Eins og búast mátti við mátti heyra ýmis dæmi um góð og slæm samskipti viðmælenda og barna þeirra við starfsmenn skólanna. Ítrekað var mikilvægi þess að starfsfólk sýndi unglíngunum gott viðmót.

Töluverð gagnrýni kom fram á námið á unglíngastíginu. Rætt var um staðnaða kennsluhætti en líka erfiðleika í samkenndu árganga. Mikil áhersla á próf í sumum skólanna olli líka óánægju hjá nokkrum viðmælendum sem og of lítið heimanám, of fá valfög og ekki nógu öflug sérkenndu.

Lokaorð

Til þessarar umræðu sem í skýrslunni er lýst var stofnað til að fá innsýn í hugmyndir og viðhorf foreldra nemenda til grunnskóla. Viðhorfस्कannanir til foreldra í öllum grunnskólum Reykjavíkurborgar sem gerðar hafa verið frá árinu 2000 hafa gefið mikilvægar upplýsingar á breiðum grundvelli frá foreldrum en hér var lagt upp með að fá upplýsingar af öðrum toga. Hvoru tveggja var mjög áhugavert, að fá umræðu og frásagnir um ýmsa þætti skólustarfsins og að heyra frjálsa umræðu sem varð milli foreldra um skóla barna þeirra.

Fyrir öll skólastígin þrjú mátti merkja að foreldrar sem áttu börn í skólum sem komu best út úr viðhorfskönnuninni frá 2006, voru ánægðari með skóla barna sinna, heldur en hinir, sérstaklega í atriðum eins og upplýsingaflæði (sérstaklega á yngsta stígi), foreldrasamstarfi og samskiptum við starfsfólk. Þetta má merkja bæði af þeim umræðuefnum sem upp komu í hópunum og því orðalagi sem foreldrar notuðu til að lýsa skólanum og skólustarfinu.

Foreldrar barna sem rætt var við í þessari rannsókn voru þegar á heildina er lítið, ánægðir með grunnskólann. Fram kom vilji til að taka þátt og skilningur á því að skólaganga er samvinnuverkefni milli heimila og skóla. Einnig komu fram ýmis atriði og ábendingar sem vonandi nýtast starfsfólki skóla í samstarfi þeirra við foreldrar, bæði til að viðhalda góðum tengslum og til að bæta þau.